

FORSÍÐUEIGN

Fallegt hús með tilkomumiklu anddyri

Fasteignablaðið
allt



MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Setur upp sýningu um fólk í kreppu

Spurning um að halda andlitinu
FÓLK 38



Nýtt kortatímabili!

...allt í fermingarpakkann!



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. apríl 2006 – 98. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Lengst allra?
Porfinnur Ómarsson hefur setið yfir þrjú hundruð klukkustundir í beinni útsendingu á NFS, sem er kannski Íslandsmet.



FÓLK 38

Má sýna vörurnar
Sölvi Óskarsson í tóbaksbúðinni Björk hafði betur í Hæstarétti gegn íslenska ríkinu.



TÍMAMÓT 20

Dvergurinn og daman
Hallgrími Helgasoni finnst grátbroslegt að fylgjast með skilnaði Bandaríkja-anna og Íslands, eins og það hlýtur að vera þegar tveggja metra dama dömpar dverg.




Í DAG 18

Tvöfalt hjá Sif
Sif Pálsdóttir gerði sér lítið fyrir um helgina og varð tvöfaldur Norðurlandameistari í fimleikum. Hún lét titlana tvo ekki nægja því hún krækti líka í tvo silfurpeninga.



ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR - Í dag verður yfirleitt suðvestlæg átt. Allhvasst vestan til og enn hvaslara sums staðar á Snæfellsnesi, annars heldur hægari. Rigning eða skúrir en úrkomulítið á Norðausturlandi. Híti 3-8 stig.

VEÐRIÐ 4

STYSTA LEIÐIN Í BANKANN



NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM

Herða þarf lög um kynferðisbrot

Peir sem láta einhvern framkvæma kynferðislegt athæfi og horfa sjálfir á fá sjaldan harða refsingu. Saksóknari og lektor telja að bæta þurfi löginn. Hæstiréttur sýknaði nýlega mann fyrir að hafa fengið stúlkur til að hafa kynferðismök hvor við aðra.

KYNFERÐISBROT Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari telur að nauðsynlegt sé að víkka út hugtakið „önnur kynferðismök“ svo að þeir sem láta einhvern eða einhverja framkvæma kynferðislegt athæfi og eru áhorfendur að því fái viðeigandi refsingu. Hugtakið er samkvæmt 202. gr. almennra hegningarlaga skilgreint mjög þröngt og á við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju sem kemur í stað hefðbundins samræðis og er til þess fallin að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Sigríður var saksóknari í máli Ólafs Eggerts Ólafssonar, tæplega fertugs Reykvíkings, sem var í vikunni dæmdur í Hæstarétti í eins árs fangelsi fyrir að hafa haft munnmök við þrjár unglingsstúlkur og samræði við eina þeirra en sýknað-

ur af því að hafa fengið tvær þeirra til þess að hafa kynferðismök hvor við aðra. „Hæstiréttur taldi að ekki væri hægt að túlka greinina þannig að ákærði hefði gerst sekur um önnur kynferðismök með því að fá stúlkurnar til þess að hafa kynferðismök, þar sem hann var einungis áhorfandi en ekki var um neina snertingu að ræða. Ég vildi meina að kynferðismök stúlkanna hefðu verið til þess fallin að ákærði fengi eitthvað út úr því að horfa á þau en Hæstiréttur féllst ekki á þá túlkun,“ segir Sigríður.

Brynhildur G. Flóvenz, lektor í lögfæði við Háskóla Íslands, segir að erfitt sé að skilgreina það að láta aðra framkvæma kynferðislegt athæfi samkvæmt lögum en hægt sé að dæma þá sem það gera fyrir kynferðislega áreitni. Refsing við

kynferðislegri áreitni er þó mun vægari en við öðrum kynferðismökum. Hámarksrefsing fyrir kynferðislega áreitni samkvæmt 198 gr. er tveggja ára fangelsi. Til samanburðar er hámarksrefsing samkvæmt 202 gr. tólf ára fangelsi.

„Skilgreiningarvandamál eru alltaf að koma upp og þetta er kannski dæmi um eitthvað sem löggjafinn hefur ekki séð fyrir en þyrfti að vera gert ráð fyrir í lögum,“ segir Brynhildur.

Sigríður hefur áður ákært í máli þar sem viðkomandi lét barn gera ýmislegt við sjálft sig. Maðurinn var sakfelldur í Héraðsdómi en málið fór ekki fyrir Hæstarétt. „Ég tel að svona hegðun eigi að túlka sem önnur kynferðismök og sakfella viðkomandi á þeim grundvelli,“ segir hún.

- eð



KIM JONG-IL Leiðtogi Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld í Norður-Kóreu:

Bandaríkin hamla sátt

TÓKYÓ, AP Norður-kóresk stjórnvöld munu ekki hefja samningaviðræður um kjarnorkuvopna-áætlun sína nema Bandaríkin aflétti viðskiptabanni sínu á norður-kóresk fyrirtæki. Hlé hefur verið á samningaviðræðum frá því í október í fyrra.

Norður-kóreskur stjórnar-erindreki sagði fréttastofu AP að gagnslaut væri að halda viðræðum áfram á meðan Bandaríkjamenn högguðust ekki í afstöðu sinni. Bandaríkin hafa lagt viðskiptabann á norður-kóreska banka og önnur fyrirtæki, sem þau hafa meðal annars sakað um falsanir.

- bs

Utanríkisráðherra Dana:

Danir banna fangaflug CIA

DANMÖRK Bandarísku leyniþjónustunni, CIA, verður ekki leyft að nota danska lofthelgi til að ferja fanga leynilega. Enn fremur verður grunsamlegum vélum á vegum leyniþjónustunnar skipað að lenda. Þetta kom fram í greinargerð utanríkisráðherra Dana til Evrópuráðsins sem sagt var frá í dönskum fjölmiðlum í gær. Mannréttindasamtökin Amnesty International sendu frá sér skýrslu í síðustu viku þar sem fram kom að bandaríska leyniþjónustan ferjaði fanga leynilega til landa þar sem pyntingar væru leyfðar.

- ks



MÆTTUR MEÐ MÖMMU Kjörstaðir voru opnaðir á Ítalíu í gær og áfram er hægt að kjósa í dag. Silvio Berlusconi forsætisráðherra rær pólitískan lífróður en mjótt er á munum milli hans og Romano Prodi. Berlusconi mætti engu að síður kokhraustur á kjörstað ásamt Rósu, móður sinni, sem orðinn er háltírzæð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðaröryggisráð Ísraels telur heimastjórn Palestínu fjandsamlega:

Vill skera á öll samskipti

JERUSALEM, AP Þjóðaröryggisráð Ísraels lýsti því yfir í gær að palestínska heimastjórnin væri fjandsamleg og ekki yrði gengið til friðarviðræðna við Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. Ráðið, sem í eru nokkrir af æðstu valdhöfum Ísraels, mælti einnig með að Ísrael skæri á öll tengsl við heimastjórn Palestínu.

Asaf Shariv, talsmaður ráðsins, segir að þótt ísraelsk stjórnvöld séu reiðubúin að halda sambandi við Abbas komi ekki til greina að ganga að samningaborði með

honum, nema Hamas-samtökin viðurkenni Ísraelsríki, samþykki gerða friðarsáttmála og láti af ofbeldi. Þá var felld tillaga um að fara framhjá Hamas í friðarviðræðum og ræða aðeins við Abbas.

Hamas-samtökin viðurkenna ekki sjálfstæði Ísraelsríkis og vilja að það verði leyst upp. Ríkisstjórn Ísraels ræðir ályktanir þjóðaröryggisráðsins á vikulegum fundi sínum á sunnudag eftir viku. Samþykki hún ályktanirnar verða þær að opinberri stefnu Ísraels.

- bs



EHUD OLMERT Settur forsætisráðherra Ísraels. Ríkisstjórnin ræðir samþykkt þjóðaröryggisráðsins eftir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Vikulegar siglingar til Evrópu

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Ólafur, hefðirðu viljað vera „sjanghæður“ á laugardaginn?

„Að sjálfsgöðu hefði ég viljað vera þar en ég gat ekkert gert í því annað en að láta mig dreyma.“

Rokksveitin The Rolling Stones hélt sína fyrstu tónleika í Sjanghæi á Kína á laugardaginn. Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, er Stones-aðdáandi númer eitt á Íslandi.

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

Sótti slasaðan sjómann

SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, var kölluð út um klukkan hálf fimm í gærdeg vegna slasaðs sjómanns um borð í íslenskum togara. Skipið var stöðugt sjómilur vestur af Látrabjargi þegar slysið varð. Sjómaðurinn hafði dottið við störf um borð og hlotið áverka á baki.

Flugferðin gekk vel þrátt fyrir leiðinlegt skyggni og lenti þyrlan á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Fossvogi klukkan tuttugu mínútur gengin í nú. Að sögn vakthafandi lækns var líðan sjómannsins þokkaleg og meðslin að öllum líkindum ekki eins slæm og í fyrstu var talið, en rannsókn stóð yfir. - sgi



BLÓÐUG ÁTÖK Lögreglan leiðir særðan mótmælanda á braut. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Nepal:

Halda áfram í óákveðinn tíma

KATMANDÚ, AP Mótmæli geisðu áfram í höfuðborg Nepal í gær og lögregla skaut gúmmíkúlum og beitti tæragsi til að reyna að dreifa fólkinu.

Fulltrúar stjórnarandstöðuflokka í Nepal segja að allsherjarverkfall og mótmæli gegn einveldi muni halda áfram um óákveðinn tíma. Sjö stærstu stjórnsmálaflokkar landsins boðuðu til fjögurra daga verkfalls og mótmæla og átti þeim að ljúka í gær. Fulltrúar flokkana hafa hins vegar ákveðið að þeim skuli haldin áfram. - bs

Ekki talið að svanur sem fannst dauður við Elliðavatn sé smitaður:

Sýni send til Svíþjóðar

FUGLAFLENSA Ekki er talið að svanurinn sem fannst dauður við Elliðavatn í fyrradag sé smitaður af mannskæðri veiru fuglaflensunnar, H5N1. Tekin verður ákvörðun um það í dag hvort sýni úr honum verði sent tafarlaust til rannsóknar í Svíþjóð eða hvort beðið verði með það þar til fleiri séu komin í sarpinn.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að nýlega hafi niðurstöður sautján sýna úr villtum fuglum borist. Enginn þeirra hafi verið smitaður af fuglaflensu.

Hann segir fólk rölegt þrátt fyrir fréttir um fuglaflensu víða í Evrópulöndum, nú síðast í Skot-

landi. Komi það að fuglahræjum eigi fólk að tilkynna það til héradsýralækna eða annarra yfirvalda, láta þau liggja en reyna að koma í veg fyrir að vargfuglar komist í hræin, hundar eða önnur dýr.

Halldór segir enn óljóst hvort fuglaflensa hafi áhrif á skot- og háfaveiði á villtum fuglum: „Almennt er talið að gæti veiðimenn góðs hreinlætis eigi flensan ekki að valda vanda.“

Stuttan tíma tekur að fá niðurstöðu úr sýnunum eða um tvo til þrjú daga. Í flestum tilvikum eru saursýni tekin úr fuglum en einnig stundum blóðsýni. - gag



DAUÐVONA SVANUR Þessi svanur var aflífaður í Hafnarfirði og sýni send út. Fleiri sýni verða rannsökuð, meðal annars úr svani sem fannst dauður við Elliðavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

LÖGREGLUFRETTIR

Tveir handteknir Lögreglan í Keflavík handtók á laugardagskvöld tvo menn á heimili annars þeirra vegna offeldismáls. Höfðu þeir daginn áður ruðst inn í skrifstofuhúsnæði í Keflavík og haft í hötunum við mann sem þar var. Við leit í íbúðinni fannst nokkurt magn fíkniefna og þýfis.

Órói á Egilsstöðum Einn gisti fangageymslur lögreglunnar á Egilsstöðum aðfaranótt sunnudags. Var að sögn lögreglu mikill órói í mannskapnum og mikil ólvun á skemmtistaðnum Svart hvítu hetjunni í Fellabæ. Urðu nokkrar stympingar, sem enduðu með því að einn var færður ölvaður í fangageymslu.

Gat á hausinn Maður fékk gat á höfuðið þegar hann datt í götuna fyrir utan skemmtistað í Vestmannaeyjum. Eitthvað hafði slest upp á vinskapa hans við annan mann með þessum afleiðingum.



FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gagnrýnir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar harðlega. Stjórnin axli ekki sína ábyrgð heldur komi henni yfir á Seðlabankann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skjálfti kominn í stjórnarflokkana

Formaður Samfylkingarinnar segir kosningaskjálfta kominn í ríkisstjórnarflokkana. Þeir hafi afsalað sér hagstjórninni yfir til Seðlabankans. Skattalækkunum sé lofað í stað þess að reynt sé að slá á þensluna.

STJÓRNAMÁL „Ég ætla ekki hér, fremur en endranær, að halda því fram að íslenskt efnahagslíf sé að fara fjandans til en ég ætla eins og oft áður að vara við þeim váboðum sem ættu að vera sýnilegir öllum sem sjá vilja,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, á flokkstjórnarfundi á laugardaginn.

„Þessir váboðar tengjast allir miklum viðskiptahalla, miklum erlendum skuldum þjóðarbúsins og sterku gengi krónunnar,“ bætti hún við. Blaðamaður á Fréttablaðinu vitnaði ranglega í Ingibjörgu Sólrúnu í gær. Beðist er velvirðingar og það leiðréttist hér.

Ingibjörg segir ljóst að þenslan í íslensku efnahagslífi sé veruleg: „Við slíkar aðstæður þarf aðhald í ríkisfjármálum.“ Ríkisstjórnarflokkarnir lofi hins vegar skattalækkunum, bæði ætli þeir að lækka

hlutfall tekjuskatts um næstu áramót og formaður Sjálfstæðisflokksins hafi einnig um helgina lofað að matarskattur verði lækkaður. Það hafi verið tillaga Samfylkingarinnar sem stjórnarflokkarnir hafi hafnað. Fráleitt sé við þær aðstæður sem nú eru að menn geri hvort tveggja.

„Mér finnst loforðin um skattalækkarnir bera keim af því að kosningaskjálfti sé kominn í menn. Þeir séu farnir að rita undir kosningavíxlana,“ segir Ingibjörg.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafi gefist upp á að hafa stjórn á ríkisfjármálunum: „Þeir eru ekki að nýta þau til að slá á þensluna. Þeir líta ekki svo á að ríkisfjármálum hafi nokkru hlutverki að gegna í hagstjórninni.“ Það sé nánast einsdæmi að ríkisstjórn afsali sér hagstjórnarhlutverkinu. Því sé komið yfir á Seðlabankann, sem gert sé að fást við

verkefnið með því að hækka stýrivexti.

Ingibjörg benti í ræðu sinni á flokkstjórnarfundinum á laugardag á að stýrivextirnir væru 11,5 prósent hér á landi. Þeir væru 2,5 prósent á Evrusvæðinu og 4 prósent í Bretlandi: „Jón Sigurðsson hagfræðingur og fyrrverandi ráðherra og Seðlabankastjóri sagði nýlega eitthvað á þá leið að þetta væri álfra raunsætt og að ætla sér einhesta yfir Kjöl.“

Hún sagði að ríkisstjórninni hefði gjörumlega mistekist að nota góðærið til að búa í hagnir fyrir framtíðina, auka stöðugleikann eða jafna kjörin í íslensku samfélagi: „Hún gerði margvísleg hagstjórnarmistök, hún klúðraði ómetanlegu tækifæri. Og í því óvissuástandi sem nú ríkir hjala ráðherrarnir enn um skattalækkarnir.“

gag@frettabladid.is

Bílvelta á Snæfellsnesi:

Húkkaði far eftir bílveltu

SLYS Ungur ökumaður á leið frá Reykjavík til Ólafsvíkur sofnaði undir stýri við Kolgrafarfjörð, miðja vegu milli Stykkishólms og Grundarfjarðar, klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags.

Bíllinn valt og er gjörónýtur og mildi þykir að ökumaðurinn hafi sloppið með nokkrar skrámur. Ökumaðurinn stöðvaði bíl sem átti leið hjá og fékk far til Grundarfjarðar. Lögreglan á Stykkishólmi var á ferðinni og kom að bílflakinu áður en tilkynnt var um slysið.

Bíllinn, sem er fólksbíll af gerðinni BMW, var fluttur á braut með kranabíl strax um nóttina. - sgi

Lögreglan á Sauðárkróki:

Hefur áhyggjur af skemmdum

UMFERÐ Lögreglan á Sauðárkróki hefur áhyggjur af vegaskemmdum sem hún telur orðnar áberandi á þjóðvegum landsins.

Þó að engin slys hafi orðið vegna skemmdanna óttast lögreglan að þær eigi eftir að valda tjóni og slysum. Í Fréttablaðinu í gær var greint frá ökumanni sem ók í holu uppi á Vatnsskarði með þeim afleiðingum að það sprakk á tveimur dekkjum.

„Það má alls staðar reikna með þessu og þú sérð þetta ekki fyrr en þú kemur að. Á níutíu kílómetra hraða er lítið hægt að gera annað en að loka augunum og vona það besta,“ segir Kristján Órn Kristjánsson lögreglumaður á Sauðárkróki. - sgi

UNGVERJALAND

Sósíalistar sigra Þótt mjótt væri á muninum virtust sósíalistar standa með pálmann í höndunum þegar 80 prósent atkvæða í þingkosningunum í Ungverjalandi höfðu verið talin. Sósíalistar höfðu fengið rúmlega 43 prósent atkvæða, en hægrisinnaðir jafnaðarmenn tæp 43 prósent.

Opinber rannsókn á sprengjutilræðunum í London:

Al-kaída kom hvergi nærri

SPRENGJUTILRÆÐI Al-kaída kom hvergi nærri sprengjuárásunum í London 7. júlí í fyrra. Þetta er niðurstöður opinberrar rannsóknar á sprengjutilræðunum, sem urðu 52 að bana. Niðurstöðurnar verða birtar á næstu vikum en hefur verið leikið til fjölmiðla.

Breska dagblaðið The Guardian greindi frá niðurstöðum rannsóknarinnar í gær og meðal þess sem kemur fram er að sjálfsmorðsprengjumennirnir fjórir sem frömdu ódæðin skipulögðu þau líka upp á eigin spýtur og fengu ekki aðstoð frá alþjóðlegum hryðjuverkasmótum. Sprengjumennirnir leituðu sér upplýsinga á netinu til að skipuleggja árási- rnar, sem voru bæði einfaldar í framkvæmd og kostuðu lítið fé. Ekki er talið að fimmti sprengjumaðurinn hafi verið með í spilinum eins og grunur lék á í fyrstu.



SÖNNUNARGÖGNUM SAFNAÐ Alls létust 52 í sprengjuárásunum í júlí í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Búst er við að niðurstöðurnar muni vekja umræðu um hversu berskjaldaður almenningur er fyrir árásum lítilla og lítt skipulagðra hryðjuverkahópa, en einn-

ig spurningar um hves vegna ekkert var afhafst þó að leyniþjónustan hefði komist á spor eins tilræðismannsins nokkrum mánuðum fyrir árásinu. - bs

www.expressferdir.is

LÚXUSFERÐ TIL LONDON OG PARÍ SAR

9.-14. JÚNÍ

Ferð sem sameinar menningu, fróðleik og sögu, enda hafa fáar borgir upp á jafn mikið að bjóða og þessar sigildu heimsborgir. Tveir dagar í London og þrír í París. Gönguferð, leikhús og heilsdagsferð til Stonehenge og Bath, „itölskustu“ borgar Englands. Farið til Parísar með Eurostar-hraðlestinni og gíst á hóteli í miðborginni. Skoðunarferð, kvöldsigling á Signu, gönguferðir o.fl.

Fararstjóri: Lilja Hilmars.

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

VERÐ

87.900 kr.

79.900 kr. MasterCard

Sérverð fyrir þá sem greiða með MasterCard

INNIFALID: Flug með sköttum, gisting á góðum hótélum í London og París með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og hóteli í London, heilsdags-skoðunarferð á Englandi, aðgangseyrir á söfn, ferð til Parísar með Eurostar-hraðlestinni og íslensk fararstjórn.

» Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Páskalambið í ár

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara




Páskalambið í ár

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í olífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.



Jói Fel eðal ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni



Hamborgarhryggur Hagkaupa
- hryggur sem þarf ekki að sjóða



Nautalundir frá Nýja Sjálandi, frosnar
- frábær matur



Lambakjöt af nýslátruðu
- velur beint úr kjötbörði



Kalkúnabringa úrbeinuð með ostafyllingu og sítrusgrasi



Kalkúnaskip smjörspautað
- spennandi um páskana

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 7.4.2006

KAUP SALA

| | | | |
|--|-----------------|--------|--------|
| | Bandaríkjadalur | 72,25 | 72,59 |
| | Sterlingspund | 126,42 | 127,04 |
| | Evra | 87,98 | 88,48 |
| | Dönsk króna | 11,788 | 11,856 |
| | Norsk króna | 11,173 | 11,239 |
| | Sænsk króna | 9,421 | 9,477 |
| | Japanskt jen | 0,6129 | 0,6165 |

SDR 104,39 105,01

Gengisvísitala krónunnar

122,8137

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfstæðismenn vilja leggja sérstaka áherslu á velferð eldri borgara:

Öldrunarmál til sveitarfélaga

STJÓRN MÁL Flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins lauk á Akureyri á laugardag. Í ályktun fundarins kemur fram að lögð verði sérstök áhersla á velferð eldri borgara og þörf sé á breyttu hugarfari á því sviði. Vill Sjálfstæðisflokkurinn færa verkefni á sviði öldrunarmála til sveitarfélaga.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, segir mun á launum ófaglærðs fólks á hinum ýmsu umönnunarheimilum óviðunandi. „Ég er ekki að leita að sérstökum sökudólgum heldur er þetta staða sem kemur upp í framhaldi af samningum sveitarfélagna. Þeir sem reka vist- og hjúkr-



VILHJÁLMMUR VILHJÁLMSOÐ Oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

unarheimilin gera kjarasamninga sem eru gerðir í samráði við ríkisvaldið. Ríkisvaldið verður að koma inn í málið þó svo að vandinn sé ekki tilkominn vegna þess. Samt

hvílir sú skylda á ríkisvaldinu að málið verði leyst. Þetta er staða sem við sjálfstæðismenn eigum ekki að sætta okkur við og eigum að hafa forystu um að breyta,“ segir Vilhjálmur. „Það er mikið atriði að það sé ákveðið samráð því annars missa þessar stofnanir fólkið frá sér og það greinilega stefnir í þá áttina. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur þessara stofnana og fyrir fólkið sem þar er, því það er mjög fjölmennur hópur sem gegnir þessum störfum,“ segir Vilhjálmur, sem er sjálfur formaður stjórnar hjúkrunarheimilisins Eirar og þekkir því vel til þessa málaflökks.

- fb

Slagsmál við Skíðaskála:

Prír vistaðir í fangageymslu

LÖGREGLUMÁL Mikill erill var hjá lögreglunni á Selfossi að kvöldi laugardags og aðfaranótt sunnudags.

Klukkan hálf níu var tilkynnt um slagsmál við Skíðaskálann í Hveradölum þar sem stóð yfir fögnuður nokkurra fyrirtækja. Tveir voru fluttir á slysadeild, annar með alvarlega höfuðáverka, nefbrot og önnur beinbrot sem hlutust af spörkum, höggum og sköllum. Þrír voru vistaðir í fangaklefum en málið er í rannsókn.

Þá brutust út mikil slagsmál á Snúllabari í Hveragerði. Þegar lögreglu bar að voru átökin afstaðin og engar kærur hafa borist. - sgi

Helgi Hermannsson:

Sýknaður af lögbannskröfu

DÓMSMÁL Helgi Hermannsson hefur verið sýknaður af lögbannskröfu Símans en Héraðsdómur synjaði kröfu Símans um staðfestingu á lögbanni á störfum Helga fyrir 365. Helgi starfaði áður sem dagskrárstjóri Skjás eins en var nýlega ráðinn til 365 miðla.



HELGI HERMANNSON

Vísad var frá dómi kröfu Símans um að Helga væri óheimilt að hagnýta sér atvinnuleyndarmál og/eða trúnaðarupplýsingar í eigu stefnanda sem kynnu að vera eða koma í vörslu Helga, á þeim grundvelli að stefnanda reyndist ekki unnt að tilgreina hvaða upplýsingar væri um að ræða. Að auki hefði Helga ekki verið óheimilt að ráða sig til starfa hjá 365 miðlum, eða öðrum fyrirtækjum sem væru í eigu sömu aðila og væru í samkeppni við stefnanda. - sgi

Sjóslys í Japan:

Sigldi á hval

TÓKYÓ, AP 49 slösuðust eftir að ferja steytti á hval í suðvesturhluta Japans í gær. Alls voru 109 manns um borð í ferjunni, sem var á hraðri siglingu þegar hún lenti á hvalnum í Kagoshima-flóa við syðstu eyjar landsins.

Landhelgisgæslan flutti nokkra alvarlega slasaða í land. Aðrir urðu eftir um borð í ferjunni, sem var mikið löskuð en hélst á floti þar til hana rak á land, þar sem fólkinu var komið til hjálpar. - bs

ÁREKSTUR

Lýst eftir vitnum Bakkað var á hvítan Mitsubishi við Gullteig 4 í Laugarneshverfi fyrir hádegi föstudaginn 7. apríl. Eigandi bílsins lýsir eftir vitnum eða að tjónvaldur gefi sig fram í síma 8459290.



ÓSATTIR RÁÐAMENN Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra, Jalal Talabani forseti og Adnan Al-Pachachi, talsmaður íraska þingsins, komu fram í sjónvarpi og vísuðu ummælum Mubarak til föðurrúsanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Æfir út í Mubarak

Íraskir ráðamenn vísa fullyrðingum Egyptalandsforseta um að Írak sé á barmi borgarastyrjaldar til föðurrúsanna. Þá finnst þeim ummæli hans þess efnis að íraskir sjár sýni Írönum meiri hollustu en ættjörð sinni ómakleg og móðgandi.

BAGDAD, AP Írösk stjórnmöld eru æf út í fullyrðingar Hosni Mubarak Egyptalandsforseta fyrir að láta þau ummæli falla í sjónvarpsviðtali á laugardag að Írak sé á barmi borgarastyrjaldar og að sjár þar í landi sýni Írönum meiri hollustu en eigin ættjörð.

„Þessi ummæli koma okkur í opna skjöldu og okkur er ekki skemmt,“ sagði Jalal Talabani Íraksforseti í viðtali við sjónvarpsstöð þar í landi. „Sagan sýnir að sjár eru og hafa verið afar þjóðhollir. Þessar ómaklegu fullyrðingar eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.“

Ibrahim al-Jaafari, forsætisráðherra Íraks, brást einnig við

ummælum Mubarak og sagði þau móðgun við öll þjóðarbrot, trúarhópa og pólitísk samtök í Írak og að íraskir erindrekar í Kaíró myndu krefjast frekari skýringa á þessum staðhæfingum frá egypskum yfirvöldum. Fleiri áhrifamenn innan arabaheimsins hafa lýst yfir áhyggjum af ítökum og áhrifum Írana meðal sjá.

Þá hafnaði al-Jaafari þeirri fullyrðingu Mubarak að Írakar væru á barmi borgarastyrjaldar og sagði að ekki ætti að lýsa ástandinu í landinu sem stríði milli sjá og súnnía. „Sumir innan þessara hópa vilja ef til vill ala á sundrun meðal þjóðarinnar, en á heildina litið eru Írakar sameinaðir.“

Mubarak er ekki einn um að draga upp dökka mynd af ástandinu í Írak. Eftir að níutíu manns féllu í sprengjuárás á mosku í Bagdad á föstudag lét íraskur hershöfðingi hafa eftir sér að borgarastrið hefði ríkt í landinu undanfarið ár. „Við finnum ótal lík í Bagdad, pílagrímar eru drepnir á leið til helgistaða, ráðist er á moskur og þær sprengdar upp. Þetta er allt hluti af borgarastriðinu.“

Bandaríkjamenn og Bretar telja að þó að ástandið í Írak sé sannarlega alvarlegt ríki þar ekki borgarastyrjöld og fyrir það megi helst þakka leiðtogum sjámús-lima sem hafi sýnt stillinguna.

bergsteinn@frettabladid.is

Þingmaður repúblikana:

Bush og Cheney svari ásökunum

BANDARÍKIN, AP Þingmaður bandaríska Repúblíkanaflokksins vill að George Bush Bandaríkjaforseti og Dick Cheney varaforsæti skýri opinberlega frá sínum þætti í CIA-lekanum svokallaða.

I. Lewis Libby, fyrrum starfsmannastjóri Cheneys, bar fyrir rétti í síðustu viku að varaforsætin hefði gefið honum grænt ljós frá Bush til að ljósra upp um leyniþjónustumanninn Valerie Plame. Talið er að komið hafi verið upp um Plame til að kasta rýrð á eiginmann hennar, Joseph Wilson, sem hefur gagnrýnt Íraksstriðið harðlega.

Arlen Specter, þingmaður Repúblíkanaflokksins, sagði í viðtali við sjónvarpsstöðina Fox að forsætinn og varaforsætinn yrðu að gera hreint fyrir sínum dyrum. „Það er nauðsynlegt að þeir segi þjóðinni hvað gerðist nákvæmlega.“ - bs

Stærri þýrla Gæslunnar:

TF-LÍF til taks fyrir páska

ÖRYGGI Skoðun á stærri þýrlu Landhelgisgæslunnar lýkur fyrir páska. Dagmar Sigurðardóttir upplýsingafulltrúi segir að skoðunin hafi hingað til gengið mjög vel. Hún sé á áætlun.

Í fyrsta sinn er aðeins unnið að viðhaldi þýrlu Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, á dagvinnutíma. Hún er í þrjú þúsund flugtíma skoðun sem tekur um fimmtán hundruð vinnustundir.

Haft var eftir rekstrarstjóra gæslunnar um miðjan mars að auk þess að spara peninga við að vinna verkið í dagvinnu krefðist það nákvæmni og því ekki ákjósanlegt að hafa tæknimenn í mikilli yfirvinnu. Minni þýrla Gæslunnar sé til reiðu.

- gag

BÍLL DAGSINS

CADILLAC SRX V8 AWD

Nýskr 11.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 29 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð
4.380.000,-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson,
veðurfræðingur

URKOMU-SVÆÐI Á LEIÐ

YFIR

Nú, í morgunsárið er úrkomu-svæði á hraðri leið yfir landið frá vestri til austurs. Þetta þýðir að á meðan það er á ferðinni má búast við votviðri víðast hvar. Upp úr hádegi verður yfirleitt úrkomualltíð en vaxandi úrkoma sunnan og vestan til þegar líður á síðdegð. Því er erfitt að gera eitt kort sem lýsir þessu öllu.

HÖFUÐBORGIN Í


DAG

Sunnan 8-13 m/s.


rigning og síðar skúrir

af og til. Hiti 4-6 stíg.

um hádegi »



» á morgun



Allhvasst á Vestfjörðum og norðvestan til, annars hægar.



Er að snúast í norðlæga átt, hægt og rólega.

| | | | | | |
|---------------|-----------------|------------|-----------------|-----------------|--------------------|
| Kaupmannahöfn | 6°C léttskýjað | Manchester | 9°C léttskýjað | Torreveja | 24°C léttskýjað |
| Oslo | 4°C léttskýjað | Paris | 13°C léttskýjað | Milano | 15°C rigning |
| Stokkhólmur | 7°C skýjað | Frankfurt | 9°C léttskýjað | New York | 16°C léttskýjað |
| Helsinki | 3°C skýjað | Madrid | 18°C heiðskirt | San Francisco | 16°C skýjað/skúrir |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 18°C léttskýjað | Orlando/Florida | 24°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

VAXTAHRUN!

3.19%

LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

Léttari greiðslubyrði:

MMC Pajero Sport

árg. 04 ek. 50.800

verð 2.620.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 2.390.000 kr.

afb. í 78 mán. 34.012 kr.

Pajero Sport

árg. 04 ek. 62.000

verð 2.570.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 2.350.000 kr.

afb. í 78 mán. 33.452 kr.

VW Polo Comfortline

árg. 01 ek. 70.000

verð 780.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 590.000 kr.

afb. í 48 mán. 13.159 kr.

Ford Escape XLT

árg. 04 ek. 31.700

verð 2.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 2.390.000 kr.

afb. í 78 mán. 34.012 kr.

Skoda Octavia 4x4

árg. 02 ek. 97.000

verð 1.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 890.000 kr.

afb. í 60 mán. 16.141 kr.

VW Passat 1,6

árg. 99 ek. 93.000

verð 840.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 590.000 kr.

afb. í 24 mán. 25.455 kr.

Vaxtahrún Bilapings Heklu
Kletthálsi, Laugavegi og hjá
umboðsmönnum um land allt.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning. Vextir háðir breytingum á Libor.

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL
BÍLA

ALLT AÐ
100%
LÁNSFJÁRMÖGNUN

TILBOÐ
á völdum
bílum



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Kletthálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

Sameining samþykkt í Þórshafnarhreppi og Skeggjastaðahreppi:

Sveitarfélögum fækkar enn

SAMEINING Sameining sveitarfélagna Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps var samþykkt í almennri kosningu sem fram fór laugardaginn 8. apríl. Í Þórshafnarhreppi var sameiningin samþykkt með afgerandi hætti. Þar greiddu 159 atkvæði og 147 þeirra svöruðu já en 12 nei. Í Skeggjastaðahreppi kusu 66 og þar af svöruðu 38 já en 28 nei. Alls bjuggu 542 í sveitarfélögum tveimur í lok síðasta árs, 417 í Þórshafnarhreppi og 125 í Skeggjastaðahreppi.

„Við erum mjög ánægðir með niðurstöðuna. Kjörskönnin var mjög góð og kosningin afgerandi, sem var það sem við gerðum okkur vonir



EITT SVEITARFÉLAG Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur sameinast í eitt sveitarfélag.

um,“ segir Björn Ingimarsson, sveitarstjóri í Þórshafnarhreppi. Hann

gerir ráð fyrir að með sameiningunni verði hægt að efla þjónustuna á öllu svæðinu.

Áki Hermann Guðmundsson, oddviti í Skeggjastaðahreppi, telur að með sameiningunni megi snúa vörn í sókn „Þetta norðaustursvæði mun ekki lifa nema með samvinnu og við náum ekki almennilega að vinna saman nema sem ein heild,“ segir hann ánægður með niðurstöðuna.

Því er ljóst að við upphaf nýrra sveitarstjórna í júní næstkomandi mun sveitarfélögum fækka niður í 79 en þau eru nú 98. Sveitarfélögum hefur fækkað um 125 frá árinu 1990 er þau voru 204 talsins.

- sgi

Skosk sendinefnd:

Forseti þingsins í heimsókn

STJÓRNMÁL George Reid, forseti skoska þingsins, kemur í opinbera heimsókn til Íslands í dag í boði Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis.

Reid mun dvelja hér á landi til fimmtudags ásamt sjö manna sendinefnd. Í heimsókninni munu Reid og sendinefndin eiga fundi með forseta Alþingis og fulltrúum þingflokka, utanríkisráðgjöf og fjárlaganefndar. Einnig verður forseti Íslands heimsóttur á Bessastaði.

Á miðvikudag fer þingforsetinn í þjóðgarðinn á Þingvöllum og heldur svo í kynnisferð um Snæfellsnes.

- fb

KJÖRKASSINN

Skilaðir þú skattframtalinu á réttum tíma?

| | |
|-----|-----|
| Já | 74% |
| Nei | 26% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Pekkirðu einhvern sem þú telur að eigi við spilafíkn að stríða?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Aðalfundur VR

verður haldinn á Nordica hótél mánudaginn 24. apríl nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstórf
- Laga- og reglugerðabreytingar
- Nýtt nafn
- Stofnun Varasjóðs
- Sameining við Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar

Virðing
Réttlæti

VR

FRAMÚRSKARANDI NÁM Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐI



VERKFRÆÐI
Fjármálaverkfræði
Heilbrigðisverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rekstrarverkfræði

TÆKNIFRÆÐI
Byggingartæknifræði
Rafmagnstæknifræði
Vél- og orkutæknifræði

IÐNFRÆÐI
Byggingariðnifræði
Rafiðnifræði
Véliðnifræði

TÖLVUNARFRÆÐI
Tölvunarfræði
Kerfisfræði

FRUMGREINASVIÐ

Háskólinn í Reykjavík býður framúrskarandi nám í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði og iðnfræði.

Opið fyrir umsóknir á www.ru.is

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is og hjá námsráðgjöfum í síma 562 6200.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

HELSTU STEFNUMÁL

- 1.200 sérþýlishúsaloðir, 600 í ár og einnig á næsta ári.
- Ókeypis í strætó fyrir námsfólk, öryrkja og aldraða.
- Fjórar akreinar um Sundabraut og upp á Kjálarnes.
- Flugvöllurinn úr Vatnsmýrinni og á Löngusker.
- Miklabraut undir Krínglumýrabraut.
- Umferð í Vatnsmýrina um Öskjuhlíðargöng.
- Hjúkrunarheimili við Markarholt og Lýsilóð byggð og Söltúnshemilið stækkað.
- 5 til 18 ára fá 40 þúsund króna fristundakort á ári.
- Vinnudagur barna ljúki á sama tíma og foreldranna.
- Gjaldfrjáls leikskóli frá 18 mánaða aldri.
- Foreldrar heima með 9 til 24 mánaða börn fá 50 þúsund á mánuði.
- Ókeypis í söfn borgarinnar.
- Háhraðanettengingar.
- Vatnsrennibrautagarður.
- Skautasvell í Perlungi.

raunhæfa. „Landið sem við fáum í staðinn er mun verðmætara en kostnaðurinn við byggingu flugvallarins á Lönguskerjum,“ sagði hann og bætti við: „Við höfum fengið meðbyr fulltrúa okkar í ríkisstjórninni með hugmyndinni.“ Kostnaðurinn við flutning flugvallarins væri um þriðjungur af því sem fengist fyrir landið undan flugvellinginum. Hægt væri að nota efni úr gangagerð um Öskjuhlíðina til uppfillingar.

Björn Ingi sagði að flokkurinn hefði ekki verðmíða á öllum pakknum en hefði metið kostnað við einstaka þætti hans. Til dæmis kostaði um 400 milljónir á ári að bjóða frítt í strætó. 600 þúsund kostaði að greiða með hverju smábarni heima, sem væri þrjú til fimm hundruð þúsund krónum minna en borgin greiddi fyrir hvert barn á smábarnaleikskólum. Björn Ingi nefnir að ekki sé hægt að vita

fyrir fram hve margir foreldrar kjósi að vera heima með börnum sínum, í stað þess að nota sér kerfi dagforeldra. Það sé þó talsvert hagkvæmara en að borgin greiði 900-1.100 þúsund með hverju barni á smábarnaleikskólum. Fréttablaðið hefur auk þess reiknað út að fjörtú þúsund króna fristundagreiðsla með börnum á aldrinum 5-18 ára kosti borgina tæplega 800 milljónir króna.

Björn Ingi segir að þrátt fyrir róttækar breytingar í borginni sjái hann ekki fyrir sér að forna þurfi annarri þjónustu á móti: „Ég tel að hægt sé að auka tekjur borgarinnar með kröftugu atvinnulífi.“

Björn Ingi talaði um slakt gengi flokksins í skoðanakönnunum. Engu væri þó að kvíða. Flokknum hefði vegnað vel þrátt fyrir hrakspár og því ekki óraunsætt að stefna á að koma tveimur borgarfulltrúum að.

gag@frettabladid.is



STEFNUMÁL FRAMSÓKNAR KYNNT Steinar Björnsson, fjórði maður á lista Framsóknar, Björn Ingi Hrafnsson, sá fyrsti, Óskar Bergsson í öðru sæti og varaborgarfulltrúinn Marsibíl Sæmundardóttir í því þriðja.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

EFTA-dómstóllinn ógildir úrskurð ESA varðandi Íbúðalánasjóð:

Breytinga að vænta í maílok

DÓMSMÁL EFTA-dómstóllinn ógilti á föstudag úrskurð ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um að hreyfa ekki við andmælum við ríkisaðstoð til Íbúðalánasjóðs. Er þetta gert vegna formgalla þar sem ESA þótti ekki fara eftir reglum þegar ákvörðunin var tekin. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ESA hefði átt að standa fyrir rannsókn á því hvort aðstoð íslenska ríkisins væri í raun veitt til þess að ná fram eða verja almannaþjónustu og hagsmuni almennings. Vafi leiki á því hvort einstakir þættir hins almenna lánaferfis samrýmist framkvæmd EES samningsins. ESA hefur því fengið málið aftur til meðferðar.

Guðjón Rúnarsson er framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, SBV, sem



GUÐJÓN RÚNARSSON

JÓN KRISTJÁNSSON

áfrýjaði málinu til dómstólsins. „Við fögnum þessari ákvörðun, sem staðfestir það sem SBV hefur haldið fram lengi, að starfsemi Íbúðalánasjóðs í óbreyttri mynd fái ekki staðist,“ segir Guðjón og telur ljóst að niðurstaða ESA verði önnur ef málið verði tekið fyrir á ný. „Þetta setur þrýsting á íslensk

stjórnvöld um að gera eitthvað í málinu.“

Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra segir niðurstöðu dómsins ekki ógilda að hið opinbera íbúðalánakerfi standist almenn viðmið heldur sé aðeins vísað til formgalla. Hins vegar verði þessi niðurstaða höfð til hlíðsjónar. „Nú er verið að kanna hvaða breytingum starfsemi sjóðsins þarf að taka og við reiknum með að því verkefni verði lokið í maílok,“ segir Jón en bætir við að ávallt verði að hafa það skilyrði að jafnræði ríki svo allir landsmenn geti fengið íbúðalán á gjóðum kjörum. „Við erum að skoða hvernig það verður best framkvæmt í því umhverfi sem nú er orðið þegar bankarnir eru komnir inn á markaðinn.“

- sgi

Allt til alls!



www.rumfatalagerinn.is

Jutlandia
Harðviður



BORÐ +4 STÓLAR

„BRADFORD“ BORÐ + 4 „MARINE“ STÓLAR

Falleg gæðasmíði úr gegnheilum harðviði, sem þolir íslenska veðráttu. Settið samanstendur af fjórum háum stólum, sem hægt er að leggja saman og áttthyrndu borði. Borðið er 110 sm í þvm. Borðið er einnig hægt að leggja saman. Borð 9.990,- Stóll 4.990,-

19.900,-

SPARIÐ
10.050,-

FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI



„FRASER“ SVEFNPOKI

St. 225x80x55 sm. Ytra byrði: 210T honeycomp polyester. Inna byrði: 210T polyester. Þyngd: 1.75kg. Hlýr allt að -6°C

2.990,-

VERÐ ÁÐUR 790,-

590,-

HITABRÚSI


Sérstaklega sterkur og góður 1 ltr. stálhitabrusi á finu verði.



FRÁBÆR
FERMINGARGJÖF



19.900,-



„NORMA“ TJALD

Gott 2ja manna tjald með vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nyloni. Þéttur botn og sterkar stangir. St. 205x140x105 sm. Mjög létt, tekur lítið pláss.

1.490,-



6.990,-

„HELLE“ SJÓNVARPSSKÁPUR

Fallegur sjónvarpsskápur litur: hlynur. St. 79 x 34,5 x 155 sm.

„TEMPRAKON“ GÆSADÚNSÆNG

Nýjar dúnsængur með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA. Geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina. Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitan aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 90% hvítum gæsadún og 10% smágerðu fiðri. Stærð: 140x200 sm. Það má þvo þessa sæng á 60°C Sængin er astma viðurkennd.



7.990,-

„HELLE“ TÖLVUBORÐ

Fallegt tölvuborð í kirsuberjalit. St. 138 x 62 x 89 sm.



4.990,-

„HELLE“ BÓKAHILLA

Falleg bókahilla í kirsuberjalit. St. 79 x 34,5 x 155 sm.



9.990,-

„HELLE“ HILLUSAMSTÆÐA

Falleg hillusamstæða í kirsuberjalit. St. 140 x 55 x 132 sm.

Búlgaría

Besta verðið okkar í sólinu



Hjón m/2 börn, 2ja-17 ára,
1. vika, 4. júlí:
38.900 kr.
á mann með sköttum



Hjón m/1 barn, 2ja-11 ára,
1 vika, 5. sept.:
35.440 kr.
á mann með sköttum



Flugfargjald, 1 vika, 13. júní:
29.900 kr.
með sköttum



Flugfargjald, 1 vika, 12. sept.:
28.900 kr.
með sköttum



Hjón í júnior-svítu,
1. vika 27. júní:
55.100 kr.
á mann með sköttum

Það þarf ekki að vera
dýrt að skreppa í sólarfrí.
Ekki einu sinni alla leið
til Svartahafsins þar sem
sólin er í öndvegi...



5 manna fjsk. (3 börn, 2ja-17
ára), 2 vikur, 22. ágúst:
43.100 kr.
á mann með sköttum



Par í 2ja manna herbergi,
1 vika, 13. júní:
45.800 kr.
á mann með sköttum



Hjón m/2 börn, 2ja-17 ára, 1.
vika 12. sept.:
33.150 kr.
á mann með sköttum



Tveir í 2ja manna herb.,
1 vika, 12. sept.:
40.300 kr.
á mann með sköttum



Bæklingar á
Esso-stöðvum:

Reykjavík: Ártúnshöfði og
Fossvogur.

Hafnarfjörður: Lækjargata
Akureyri: Leiruvegur

...og spennandi mannlíf er hvar
sem litið er. Dæmið verður ennþá
skemmtilegra þegar við bætist
einstaklega hagstætt verólag. Á
Sunny Beach, stærsta sólarstað
Búlgaríu, bíða þín íslenskir
fararstjórnar sem bjóða upp á
fjölbreyttar kynnisferðir við allra
hæfi. Veróðæmin í auglýsingunni
miðast við netbókun og að ferð sé
til við bókun.



5 100 300 www.apollo.is

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

Markaðssetning Akureyrar innan lands og utan:

Styrkir atvinnulífið í bænum

STJÓRN MÁL Samfylkingin á Akureyri vill koma á fót Akureyrarstofu sem hefði það hlutverk að markaðssetja bæinn innan lands og utan. Markmiðið yrði að laða fjárfesta, fyrirtæki, stofnanir og ferðamenn til Akureyrar og fjölga þannig störfum í bænum.

Hermann Jón Tómasson, efsti maður á framboðslista Samfylkingarinnar, segir ekki hafa verið hugað nægilega vel að markaðssetningu bæjarins á fyrirtækjarmarkaði til þessa. „Þeim fyrirtækjum sem vilja flytja starfsemi sína til Akureyrar standa nú þegar til boða ýmsar ívilnanir. Slíkan stuðning við nýsköpun atvinnulífs

bæjarins þarf að kynna með markvissum hætti og það á að vera eitt af verkefnum Akureyrarstofu.“

Iceland Express hóf í vetur beint millilandaflug til og frá Akureyri og Hermann segir flugið opna ýmsa möguleika varðandi fjölgun ferðamanna. „Bæjarfélagið á að koma með beinum hætti að markaðssetningu Akureyrar á erlendri grundu og styðja þannig við ferðaþjónustuna í bænum,“ segir Hermann.

- kk

HERMANN JÓN TÓMASSON Hermann segir að huga þurfi betur að markaðssetningu Akureyrar á fyrirtækjarmarkaði.



Tugir erlendra gísla í haldi Íraskra mannræningja:

Hóta þýskum gíslum lífláti

KAIRÓ, AP Íraskir mannræningjar hóta að myrða tvo þýska verkfræðinga sem þeir tóku í gíslingu fyrir rúmum tveimur mánuðum, sleppi Bandaríkjamenn ekki föngum úr haldi. Mannræningjarnir gáfu út myndband á netinu þar sem Þjóðverjarnir eru sýndir og biðja sér gríða.

„Okkur hefur verið haldið hér í meira en sextíu daga og taugarnar þola þetta ekki lengur,“ segir annar mannanna. „Hjálp þú okkur, við biðjum ykkur.“ Myndbandinu fylgdu skilaboð sem sögðu þetta vera síðasta tækifæri Þjóðverjanna, en enginn frestur var gefinn. Fram til þessa hafði ekkert spurst til mannanna síðan í lok janúar, rétt eftir að þeim var rænt. Þá var þýskum yfirvöldum gefinn 72 stunda frestur til að loka sendiráði sínu í Bagdad,



ÞÝSKU GÍSLARNIR Ekkert hafði spurst til þeirra síðan í janúar, rétt eftir að þeim var rænt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

draga öll sín fyrirtæki úr landinu og hætta öllu samstarfi við ríkisstjórn Íraks, ella yrðu mennirnir teknir af lífi.

Fjórum gíslum frá Vesturlönd-

um var sleppt úr haldi mannræningja í Írak í mars, en einn var tekinn af lífi. Talið er að um fjörutíu útlenskir gíslar séu í haldi mannræningja í Írak.

- bs



ÖLLU MICRA
VERÐUR ÞAÐ EKKI!

NÝ MICRA OG ÞÚ ÞORGAR
AÐEINS **18.112 KR.** Á MÁNUÐI!

Nissan Micra 5 dyra

Verð aðeins **1.490.000 kr.**

Beinskiptur, 6 diska geislaspilar, lykklalaus, sjálfvirkur rúðupurrkur og mjög sparneytin!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

*Miðað við 20% útborgun og bilasaming Lýsingar í 84 mánuði.

Virk
Sam-
keppni

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI



30 %
Afsláttur

SS hamborgarhryggur
1.049 kr./kg.



25 %
Afsláttur

Krónu grillkjöt
Kryddl. svínakótleitur
Kryddl. úrb. svínahnakki



40 %
Afsláttur

Goða Bayonneskinka
953 kr./kg.



Líf maískorn

85
kr./stk.



Búkonu
reyktur/grafin lax
998
kr./kg.



**KALKÚNA-
BRINGUR**

Fersk 1.990 kr./kg.
m/ döðlum 2.158 kr./kg.
m/ apríkósum 2.158 kr./kg.



Egils páskaöl 0,5 L

69
kr./stk.



Egils malt 0,5 L

79
kr./stk.



Rjómaostur
3 tegundir

99
kr./stk.



Krónubraud
stórt og gróft

99
kr./stk.



**Meira
úrval**

Egils appelsin 2 L

158
kr./stk.



**DVD
DISKUR
FYLGR**

Coke 4 x 2 L
DVD diskur fylgir



**PÁSKAEGG
Á FRÁBÆRU
VERÐI**

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



Gjöfin vex í pakkanum

5.000 kr. verða 7.000 kr.

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakkanum!

Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.



SPARISJÓÐURINN
— fyrir framtíðina

Leikskólamálfélagsstofnunar stúdenta:

Vilja kaupa reksturinn

DAGVISTUN Félagstofnun stúdenta hefur farið þess á leit við Reykjavíkurborg að taka yfir rekstur leikskólans Leikgarðs. 68 börn eru í leikskólanum.

„Við lögðum inn erindi þessa efnis í janúar til Reykjavíkurborgar og hinn 16. mars var ákveðið að taka upp viðræður um málið. Þær standa sem sagt yfir núna og lýkur vonandi í þessum mánuði,“ segir Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagstofnunar stúdenta. Viðræðurnar snúast um kaup á fasteigninni en Reykjavíkurborg á 77 prósent hlut í leikskólanum og hins vegar um yfirtöku á rekstrinum. Guð-



BÖRN Á LEIKSKÓLA Fulltrúar Félagstofnunar stúdenta hafa sóst eftir því að taka yfir rekstur leikskólans Leikgarðs.

rún segir að öllu starfsfólki hafi verið boðið að halda störfum

áfram ef af rekstrarskiptum verði.

„Það sem fyrir okkur vakir er að verða við kröfum stúdenta um að fjölga plássum fyrir börn undir tveggja ára aldri en þau börn sem eru eldri halda þó sínu plássi áfram; svo við leyfum þeim að eldast upp úr leikskólanum,“ segir hún. Hún segir að börn yfir tveggja ára aldri sem búi á stúdentasvæðinu fari flest í leikskólann Mánagarð sem er þar skammt frá. Samningar milli Reykjavíkurborgar og Félagstofnunar stúdenta gera ráð fyrir að stofnunin geti keypt hlut borgarinnar í leikskólanum sé þess óskað. -jse

Óháð stofnun meti aðsteðjandi hættu

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru á öndverðum meiði varðandi það hvernig varnarmálum þjóðarinnar skuli háttað. Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur vill að óháðir aðilar meti mögulega hættu hér á landi.

VARNARMÁL Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru á öndverðum meiði um hvernig varnarmálum þjóðarinnar skuli háttað í framtíðinni. Kom það dyggilega í ljós hjá leiðtogum flokkanna á flokksráðsfundum um helgina.

Á meðan sjálfstæðismenn vilja fyrst og fremst eiga áfram samstarf við Bandaríkin vill Samfylkingin í framtíðinni treysta á samstarf við aðrar

BALDUR ÞÓRHALLSSON Evrópuþjóðir.

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir áframhaldandi áhuga sjálfstæðismanna á samvinnu við Bandaríkin áhugaverðan miðað við það sem á undan sé gengið í samskiptum þjóðanna í varnarmálum.

„Það liggur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn reynir eins og hann mögulega getur að fá Bandaríkjamenn til að halda áfram sýnilegu varnarsamstarfi við Ísland. Maður veit ekki nákvæmlega hvað er í spilunum þar og hvað Bandaríkjamenn hafa verið að bjóða. Það er augljóslega verið að bíða eftir þessu mati Bandaríkjamanna á þeim ógnum sem steðja að Íslandi.“ Baldur segir stefnu Sjálfstæðisflokksins í málinu í takt við áherslur síðustu áratuga.

Baldur segir stefnu Samfylkingarinnar í varnarmálum í takt við Evrópustefnu hennar. „Sú stefna



HERMENN Á ÍSLANDI Sjálfstæðismenn vilja halda áfram samstarfi Íslands og Bandaríkjamanna í varnarmálum.

felur í sér að Ísland taki þátt í varnarstefnu sambandsins og utanríkis- og öryggismálastefnu þess. Felur hún meðal annars í sér sameiginlegar varnarskuldbindingar ef Evrópusambandsríkin verða fyrir hryðjuverkaárás.“

Baldur telur að meginmunurinn í stefnu flokkanna sé að ráðamenn Sjálfstæðisflokksins trú á sýnilegar hervarnir á meðan Samfylkingin vilji heldur leggja áherslu á samvinnu við ríkin innan ESB. Segir hann það matsatriði hvort nauðsynlegt sé að hafa hér sýnilegar hervarnir. „Vandamálið er að ekki hefur verið gerð nein ítarleg úttekt á því hvernig best er að haga varn-

armálum í viðum skilningi hér á landi en hins vegar hefur þessi ríkisstjórn lagt mesta áherslu á sýnilegar loftvarnir. Þegar sú stefna hefur fallið um sjálfa sig er spurning hvernig menn ætla að forgangsraða núna,“ segir Baldur.

„Ég held að það sé mikilvægt að íslensk stjórnvöld meti hvaða mögulega hættu geti steðjað að landi og þjóð. Í því sambandi er mjög mikilvægt að fá aðstoð erlendra sérfræðinga og þá óháðra aðila frekar en ríkisstjórnina. Til er fjöldi óháðra stofnana og sérfræðinga bæði í Evrópu og Bandaríkjunum sem gæti komið að svona vinnu.“

frey@frettabladid.is

Starfsgreinasambandið fundar með heilbrigðisráðherra:

Ráðherra ber faglega ábyrgð

KJARAMÁL „Þrátt fyrir að heilbrigðisráðherra beri ekki ábyrgð á kjarasamningum við starfsmenn, ber hún engu að síður pólitíska og faglega ábyrgð á því að hægt sé að halda öldrunar- og hjúkrunarstofnunum í rekstri. Það verður ekki gert án starfsfólks,“ segir á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands en fulltrúar sambandsins og Eflingar stéttarfélags gengu á fund Sivjar Friðleifsdóttur fyrir helgi.

Á fundinum var ráðherra gert grein fyrir þeirri miklu óánægju sem ríkir á meðal starfsmanna innan Starfsgreinasambandsins sem vinna samkvæmt samningum við ríkið. Þessir starfsmenn bera allt að 40.000 krónum minna úr bótum en starfsmenn sem vinna sömu störf hjá sveitarfélögum og uppsagnir í stórum stíl eru fyrirjäänlegar.

Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri hjá Starfsgreinasamband-



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Heilbrigðisráðherra segir stöðuna alvarlega og fylgist vel með. Hún minnr þó á að hún fari ekki með samningsumboð fyrir hönd ríkisins.

inu, segir að tveir mánuðir séu liðnir síðan gengið var á fund launanevndar ríkisins til að vara við því sem nú er að gerast og vel komi til greina að hitta fjármála- ráðherra á næstunni.

Siv segir fundinn hafa verið gagnlegan. „Það væri mjög alvarleg staða sem kæmi upp ef um hóp- uppsagnir yrði að ræða og þess vegna fylgist ég vel með málinu.“

-shá

ÞAÐ KOSTAR
EKKERT AÐ FÁ
SKJÁINN

MEÐ ADSL HJÁ SÍMANUM FÆRÐU VIDEÓLEIGU SKJÁSINS Í SJÓNVARPSTÆKIÐ ÞITT

- Þú ferð á skjáinn.is eða hringir í þjónustuver Símans, 800 7000
- Við komum heim til þín og setjum upp búnað þér að kostnaðarlausu.
- Þú byrjar að leigja þér myndir með fjarstýringunni




TILBOÐ Á
VÖLDUM
MYNDUM
Í APRÍL

Til að breyta sjónvarpstækinu þínu í videóleigu þarftu aðeins að vera með ADSL hjá Símanum. Með búnaðinum sem við setjum upp fyrir þig fylgir fjarstýring sem þú notar til að leiga myndir. Þú ýtir á VOD hnappinn á fjarstýringunni, velur þér mynd og getur horft á hana eins oft og þú vilt næstu 24 tímana. Greiðslan fer á reikninginn þinn. Einfalt og þægilegt!

Síminn

Þú færð Skjáinn í öllum verslunum Símans, í síma 800 7000 eða á skjáinn.is



Skjáinn

– á þínu valdi!

„ORÐRÉTT“

Léleg lögga

„Við teljum að rökin sem lögreglan notar til að hætta við rannsóknina séu ófullnægjandi.“

HRÓBJARTUR JÓNATANSSON LÖGMADUR JÓNÍNU BENEDIKTS-DÓTTUR UM ÁKVÖRDUN LÖGREGLUNAR AÐ HÆTTA AÐ RANNSAKA HVERNIG TÖLVU-PÓSTUR HENNA KOMST Á FLAKK. FRÉTTABLAÐIÐ.

Pá vitum við það

„Ef einhver stjórnmalaflokkur er stefnulaus í varnar- og öryggismálum Íslendinga er það Samfylkingin.“

LEIÐARI MORGUNBLAÐSINS UM GAGNRÝNI FORMANNS SAMFYKLINGARINNAR Á STEFNULEYSI STJÓRNARFLOKKANNA Í ÖRYGGIS- OG VARNARMÁLUM.

nær og fjær
tilveran



SÓLIN BRÝST FRAM ÚR SKÝJUNUM Svona er regnboginn í Fresno-sýslu í Kaliforníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ENNEEM / SIA / N202415



Erum við ekki öll komin af *baunum*?



Íslendingar kjósa Merrild!

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? PRÖSTUR ELLIÐASON, VEIÐIÞJÓNUSTUNNI STRENGJUM

Næsta stopp Suðurheimskautið

„Það er allt gott af mér að fréttu, ég hélt að það væri kominn vorhugur í mig en hann er dottinn niður í kuldanum. En mér sýnist það koma á mánudaginn,“ segir Pröstur Elliðason hlæjandi og nýkominn frá því að veiða í Minnivallalæk þegar blaðamaður náði sambandi við hann. Þráinn rekur Veiðiþjónustuna Strengi og stangveiðin er hans líf og yndi auk þess að vera hans aðalstarf. „Það er alltaf spennningur í lofti þegar stangveiðitímabilið er að hefjast. Ég er búinn að vera mikið á faraldsfæti, var austur á landi og fór til Breiðdalsár, Grenilækjar og svo Minnivallalækjar.“ Pröstur



segir að veiðin þar hafi farið mjög vel af stað þrátt fyrir kuldan og menn veitt vel. „Ég er líka að veiða erlendis og maður er alltaf að sjá það betur og betur hvað fiskurinn hérna hjá okkur er skemmtilegur miðað við stærð. Þetta segja líka mínir viðskiptavinir sem koma að utan. Þeir eru heillaðir af aðstæðum hér og hvað fiskurinn er skemmtilega sprækur.“ Pröstur fór nýlega til Chile þar sem hann veiddi á efsta svæðinu í hinni frægu á Rio Grande. „Þetta var ævintýraferð því við þurftum að breyta ferðatilhögum og fara á syðsta byggða ból á jörðinni. Menn koma þar venjulegast við þegar næsta stopp er suðurheimskautið.

Ég er ekki frá því að við höfum séð glitta í það.“

Pröstur hugsar ekki bara um veiði þó að hún skipi stóran sess í lífi hans. Hann á myndarlega fjölskyldu, eiginkonu og þrjár ungar dætur. „Við erum að hugsa um að fara í gott frí bráðlega og skjótast þá jafnvel til Spánar,“ segir hann. Fjölskyldan hefur öll áhuga á veiði, dætur hans eru byrjaðar að þreifa fyrir sér og eiginkonan hefur gaman af veiði þegar hlutirnir ganga hratt fyrir sig. Áhugamál fjölskyldunnar eru útvera í víðasta skilningi þess orðs. „Ég ætlaði alltaf að verða jarðfræðingur þótt ekki hafi orðið neitt úr því en áhugamál mín tengjast öll náttúrunni á einn eða annan hátt,“ segir Pröstur að lokum og tilhlökkunin til veiðisumarsins leynir sér ekki.

Guðlaugur vill gera sumarið enn betra

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir tillögu sína um sumartíma og flutning tveggja frídaga til þess fallna að gera lífið skemmtilegra.

Guðlaugur Þór hefur ásamt þremur flokksbræðrum sínum lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að kannað verði hvort hyggilegt sé að taka upp sumartíma á Íslandi og færa sumardaginn fyrsta og verkalýðsdaginn að helgum. Sumardagurinn fyrsti er ávallt á fimmtudegi en verkalýðsdagurinn, 1. maí, fellur - líkt og aðrir mánaðardagar - á alla daga vikunnar með reglulegu millibili.

Erlendur S. Þorsteinsson, doktor í reikniritun, fléttufræði og bestun, sagði í Fréttablaðinu á föstudag að hugmyndin um upptöku sumartíma væri arfavitlaus og færði fyrir því þau rök helst að því fylgdi bæði vesen og kostnaður. Guðlaugur Þór gefur lítið fyrir skoðun Erlends og segir hugmyndafræðina einfalda, hún sé til þess fallin að gera lífið skemmtilegra.

„Þessi tvö mál snúast um eitt og hið sama, að skapa fjölskylduvænni frí,“ segir Guðlaugur Þór. „Það er vel þekkt vandamál að fólk vinnur mikið og þarf að hafa fyrir því að njóta samvasta með fjölskyldunni. Það er því synd að þessir frídagar nýtist ekki þannig að helgarnar lengist og þar með samverustundir fjölskyldunnar.“ Hann bendir líka á að breytingin myndi hafa góð áhrif á ferðaþjónustuna og segir atvinnurekendur þurfa hvort eð er að veita þessa frídaga og því komi þetta í sama stað niður fyrir þá.

Guðlaugur Þór segir, þvert á orð Erlends, að sumartími

ERLENDUR S. ÞORSTEINSSON Er ekki hrifinn af hugmynd Guðlaugs.



AÐ STÖRFUM Í ELDHÚSINU Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, er matgæðingur mikill og hefur meðal annars grillmenninguna í huga þegar hann vill taka upp sumartíma á Íslandi og færa tvo frídaga að helgum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

myndi hafa góð áhrif á landsmenn. „Sólin verður hæst á lofti klukkan hálf þrjú í staðinn fyrir hálf tvö, sem þýðir að það verður lengur bjart á daginn. Fólk getur því lengur stundað áhugamál eins og golf eða hestamennsku eða varið tíma með fjölskyldunni. Þá er líklegt að það verði enn betra veður en ella þegar fólk grillar kvöldmatinn.“ Erlendur sagði í Fréttablaðinu á föstudag að þetta ætti ekki við um Ísland þar sem bjart væri allan sólarhringinn að sumarlagi en því mótmælir Guðlaugur Þór og segir það aðeins eiga við um hásumarið, þegar líður að hausti hafi þetta mikil

áhrif. „Íslenska sumarið er náttúrulega yndislegt, meðal annars út af birtunni, og ég vil einfaldlega gera það ennþá betra,“ segir Guðlaugur Þór.

Vilhjálmur Egilsson flutti málið oft og reglulega í þinginu en ávallt dagaði það uppi. Guðlaugur Þór segir það ekki vera til marks um andstöðu heldur eigi þingmannarfrumvörp oft eftir uppdráttar þar sem stjórnarfrumvörp séu í forgangi. Hann heldur að málið njóti stuðnings víðs vegar, bæði innan þings og utan, og vonast til að það hljóti afgreiðslu. „Báðir liðir tillögunnar miða að sama markmiði og þess vegna er þetta í einni og sömu tillögunni. Það væri mjög gott ef annað málið næði fram að ganga og frábært ef bæði kæmust áfram.“

bjorn@frettabladid.is

Helgi Jóhannsson er kjötmeistari Íslands 2006

Helgi Jóhannsson, starfsmaður Kjarnafæðis á Akureyri, er kjötmeistari Íslands árið 2006. Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna fór fram í tengslum við sýninguna Matur 2006 í Fífunni í Kópavogi. Kjötiðnaðarmenn sendu inn vörur og dæmdu hópur fagmanna þær eftir settum reglum. Tuttugu og þrjár kjötiðnaðarmenn sendu samtals tólf vörur til umsagnar. Helgi sendi inn tíu vörur og hlaut

287 stig af 300 mögulegum. Hlaut hann meðal annars gullverðlaun fyrir spægipyllu og sveitakæfu.

Anton S. Hartmannsson hjá Krás hlaut verðlaun fyrir athyglisverðustu nýjunguna en það var útfærsla á hinum þjóðlega rétti saltkjöti og baunum.

KÁTIR KJÖTMEISTARAR Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra ásamt verðlaunahöfum Kjarnafæðis. Helgi stendur henni á vinstri hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/KJARNAFÆÐI



Óskar eftir réttingamanni í Súðavík

„Á áramótum var ákveðið að rækjuvinnslan hætti, ég var verkstjóri þar og eitthvað varð að gera. Ég sá ekki margt sem féll að mínum áhuga. Ég var búinn að vinna í mörg ár við bílasprautun og taldi svona þjónustu vanta hérna á svæðið, þannig að ég lét mig bara hafa það og skellti mér í þetta,“ segir Jónas Skúlason, sem hefur opnað bílamálunina Minney á Langeyri í Súðavík.

Opunarveislan var á föstudagskvöldi. Forsvarsmenn tryggingafélaga, velunnarar fyrirtækisins og væntanlegir viðskiptavinir mættu á svæðið. Þar sýndi Jónas þeim meðal annars fullkominn sprautuklefa, sérpantaðan frá Ítalíu.

„Ég hefði aldrei farið út í þetta

verkefni nema af því að hreppurinn bauð húsnæðið. Mér hefði bara ekki komið það til hugar. Þetta er frábær framkvæmd hjá hreppnum og sveitarstjórninni á hrós skilið,“ segir Jónas um þá ákvörðun Súðavíkurhrepps að stofna félag um byggingu tveggja atvinnuhúsnæða á Langeyri. Hann hafi náð góðum samningum um leigu á húsnæðinu: „Þeir gefa mér aðlögunartíma áður en ég greiði leigu.“

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir hreppinn hafa farið út í byggingarframkvæmdina til að auðga atvinnulífið í Súðavík. Hugmyndin sé að reka fyrirtækið um nýju atvinnuhúsin tvö á núlli á tveimur árum. Hann segir margþætta starfsemi rúmast í húsunum

og nefnir að núna sé verið að koma upp aðstöðu fyrir skrifstofur. Í öðru húsinu fari einnig fram smíðakennsla og slökkviliðið hafi þar aðstöðu.

Jónas segir keppinauta í bílasprautun fyrir vestan taka fyrirtæki hans fagnandi, því þeir anna ekki eftirspurninni í bílamáluninni. „Það er alveg upp í þriggja mánaða bið eftir viðgerð, þannig að full þörf var á þjónustunni.“ Viðskiptavinirnir geti einnig kæst því samkeppnin muni væntanlega hafa einhver áhrif á verðið: „Menn þurfa samt sitt til að lifa.“ Jónas er fullur tilhlökkunar að takast á við verkefnið. „Mig vantar bara réttingamann og ég hvet áhugasama að hafa samband.“



JÓNAS VIÐ NÝJA MÁLNINGARKLEFANN Þriggja mánaða bið hefur verið eftir bílamálun í Ísafjarðarbæ. Súðvíkingurinn Jónas Skúlason ætlar að breyta því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



NAUTIÐ ELDUR Kúabændur gerðu sér glaðan dag á árs hátíð á Broadway um helgina.

Naut á borðum kúabænda

Nautalund var í aðalrétt á árs hátíð Landssambands kúabænda sem haldin var á Broadway á laugar dag. Var hún borin fram á kartöflumósafki með rauðvinsgljáa. Sjávarréttasúpa með tígrissækju og risahörpuskel á spjóti var í forrétt og á eftir var boðið upp á súkkulaðibananaís í sykurförfu með ferskum ávöxtum og sósu-tvennu.

Fordrykkur var í boði KB banka og VÍS bauð upp á kaffi og koníak.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðgjafi voru sérstakir gestir árs hátíðarinnar en veislustjórn var í höndum Gísla Einarssonar fréttu- og dagskrárgerðarmanns. ■



ÁLVER BYGGT Iðnaðarmenn á Reyðarfirði eiga von á heimsókn frá húsvískum starfsbræðrum um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynna sér smíði álvers

Iðnaðarmenn á Húsavík halda til Reyðarfjarðar um næstu helgi til að kynna sér störf starfsbræðra sinna við byggingu álversins í bænum. Bandaríska stórfyrirtækið Alcoa, sem er að láta reisa álver í Reyðarfirði, hefur til skoðunar að reisa annað álver við Húsavík. Húsvískir iðnaðarmenn ætla að hafa vaðið fyrir neðan sig, ef og þegar kemur til framkvæmda hjá þeim.

Fréttamiðillinn skarpur.is greinir frá þessu.

Betra verð.....

| | | | |
|---|--|--|---|
| Kartöflubátar 750g kr 198.- | Rifflaðar franskar 1kg kr 159.- | Ofn franskar 2,5kg kr 298.- | |
| Grænmetisblanda 1kg kr 198.- | Maís baunir 1kg kr 159.- | Grænar baunir 1kg kr 159.- | Smáar gulrætur 450g kr 99.- |
| Broccoliblanda 1kg kr 198.- | Broccoli 1kg kr 198.- | Pizza Margherita 3stk x 300g kr 259.- | |
| Maisblanda 1kg kr 198.- | Maisstönglar 450g kr 98.- | Baguette 6stk, 300g kr 79.- | Rjómafylltar bollur 25stk kr 298.- |

býður betur

BÓNUS

býður betur

NÓATÚN

Páskalamb nýtt og ferskt

Sparaðu
300
kr.

PÁSKALAMB
LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU
1.398 kr. kg

Sparaðu
300
kr.

PÁSKALAMB
LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
1.298 kr. kg

Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina



34%
afsláttur

★★★★★

NÓATÚNS
HAMBORGARHRYGGUR
1.298 kr. kg



20%
afsláttur

OLD WEST GRÍSARIF
PARF AÐEINS AÐ HITA
1.298 kr. kg



34%
afsláttur

4 STK. NÓATÚNS UNGNAUTA-
HAMBORGARAR 90 g **398** kr. pk



Hafðu hollustuna með í veislunni.
Ferskleikinn og úrvalið er
í grænmetistorginu okkar.

Tilboð á gæða
Argentínu sósum



15%
afsláttur

50%
afsláttur



NÓATÚNS
SAMLOKUBRAUÐ
99 kr. pk

Þú færð Dr. Oetker
í Nóatúni



Notaðu ekta
Jack Daniel's
grillsósu á kjötið



JACK DANIELS
BBQ SÓSUR
199 kr. 450g



Úr
Kjötborði
Nóatúns

FYLLTUR LAMBAGEIRI
MEÐ SÓLPURRKAÐUM TÓMÖTUM OG FETA OSTI



Úr
Kjötborði
Nóatúns

LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND



Úr
Kjötborði
Nóatúns

GRÍBALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

á matvörumarkaði skv. íslensku ánægjuvoginni



Berir bregðast ekki.
Frábær í skreytingar, sem meðlæti
eða í eftirréttinn



HUMAR
PAKKAÐUR Í ÖSKJU **2.798** kr. kg



ÆDALFISKUR
REYKTUR, GRAFINN **35%** afsláttur



KLAUSTURBLEIKJA
Í FLÖKUM **1.398** kr. kg



Maxwell gæðakaffi, 500 g
Fullkominn endir á góðri máltíð **349** kr. pk



Losæti með lítilli fyrirhöfn.
Gómsæta ístertan frá Anton Berg
er tilvalinn eftirréttur. **998** kr. stk



Þjóddu þínum gestum uppá ost.
15% afsláttur af völdum
sælkerastum í Nóatúni.




NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. 21
ALLA
DAGA

Svona erum við

> Hjónavígslur á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: YFIRRÁÐ ÍSRAELA Á HERNUMDUM SVÆÐUM Í PALESTÍNU

Ágreiningur Palestínnumanna og Ísraela

Palestína og Ísrael hafa mikið verið í fréttum undanfarið eftir kosningar í báðum löndum þar sem Hamas-samtökin unnu stórsigur í Palestínu og Kadima-flokkurinn hlaut flest sæti í Ísraelska þinginu. Mikil spennan ríkir milli landanna og hafa úrslit kosninganna ekki dregið úr henni. Ísraelar skilgreina Hamas-samtökin sem hryðjuverkasamtök, en þau hafa löngum unnið að því að endurheimta landsvæði sem Ísraelar hafa hernumið. Ehud Olmert, sitjandi forsætisráðherra Ísraels, hefur sagst ætla að setja endanleg landamæri milli landanna fyrir árið 2010, hvort sem Palestína samþykkir þau eður ei, og hafa orð hans valdið usla meðal Palestínnumanna.

Hvaða rétt hafa Ísraelar til hernumdu svæðanna?

Í raun hafa Ísraelar engan rétt til yfirráða á hernámssvæðunum í Palestínu. Þó er málið alls ekki svo einfalt, líkt og útlistað

er á Vísindavef Háskóla Íslands. Þar kemur fram að fyrir seinni heimsstyrjöldina var Palestína undir stjórn Breta. Eftir stríð var Ísraelsríki stofnað, þegar Sameinuðu þjóðirnar skiptu Palestínu jafnt milli Gyðinga og Palestínnumanna. Palestínnumenn voru afar ósáttir við skiptin og braust út stríð milli Palestínnumanna og Gyðinga, og náðu Gyðingar þá undir sig helmingi þess lands sem Palestínnumönnum hafði verið úthlutað. Tuttugu árum síðar, eftir fjölmargar alvarlegar hótanir Palestínnumanna, réðust Ísraelar gegn Palestínu og lögðu undir sig Vesturbakka Jórdanárinnar og Gaza-ströndina, og réðu þá í raun allri hinni gömlu Palestínu. Herseta þeirra er talin brjóta bæði alþjóðalög og ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Palestínnumenn eru átta milljónir talsins, en árið 2002 voru um fimm milljónir þeirra flóttamenn og samkvæmt alþjóða-

lögum hafa flóttamenn fullan rétt á að snúa aftur til heimkynna sinna.

Hvernig hafa þjóðir heims brugðist við?

Sú staðreynd að milljónir Gyðinga urðu heimilislausar í seinni heimsstyrjöldinni, auk hinna hroðalegu ofsókna sem þeir sættu í því stríði, hefur að hluta til orðið til þess að alþjóðasamfélagið, og þá sérstaklega Bandaríkin, hafa sýnt Ísraelum meiri samúð í þessari landabaráttu en ef til vill hefði orðið ella, en á síðustu áratugum hafa Bandaríkin veitt Ísraelum meiri efnahags- og hernaðaraðstoð en þau hafa veitt Afríkuríkjum sunnan Sahara og Suður-Amerikulöndum samanlagt. Síðan árið 1967 hefur Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna itrekað fyrirskipað Ísraelum að láta Palestínnumönnum eftir hernumdu svæðin, en það var ekki fyrr en í fyrra sem Ísraelar hófu að verða við þeirri skipun, og ætla Olmert að halda þeirri þróun áfram.



SPURT & SVARAD?

REKSTUR KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

Ríkið á að eiga hann

Geir H. Haarde utanríkisráðherra viðraði þær hugmyndir í síðustu viku að stofnað yrði hlutafélag um rekstur Keflavíkurflugvallar og hann síðan einkavæddur. Magnús Stefánsson, varaformaður utanríkisráðgjafar, er hins vegar annarrar skoðunar.



MAGNÚS STEFÁNSSON

Af hverju viltu ekki einkarekin Keflavíkurflugvöll?

Við erum að tala um alþjóðaflugvöll sem er hlið að landinu til og frá og því þykir mér alveg einsýnt að ríkið eigi að eiga völinn hvort sem rekið verði svo með hlutafélagi eða einhvern veginn öðruvísi.

En þarf ekki að breyta rekstrarforminu? Vissulega en þetta er enn ótímabær umræða. Ef svo fer að við tökum við þessu alfarið biður okkar mikil vinna þar sem menn verða að greina ástandið og vinna svo úr því á þeim forsendum.

Þurfa íslensk stjórnvöld að taka frumkvæði í málinu? Við höfum svo sem gert það því við komum okkar hugmyndum og kröfum á framfæri við Bandaríkjamenn en þeir ákváðu að vinna þetta mál með þessum hætti svo að nú verða þeir að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Franska þjóðin klofin í tvennt

Ekkert lát er á mótmælum í Frakklandi gegn nýju vinnulöggjöfni, sem Francois de Villepin forsætisráðherra reynir að halda dauðahaldi í. Ráðamenn í landinu virðast fjarlægjast æ meir raunveruleika almennings.

Fáir efast um að markmið frönsku hægri stjórnarinnar með laga-setningunni sé göfugt. Hugmyndin er sú að draga úr atvinnuleysi meðal ungs fólks í Frakklandi og er ekki vanþörf á, því hátt í fjórðungur Frakka, 25 ára eða yngri, telst vera atvinnulaus.

Deilurnar snúast að stórum hluta um leiðina sem Dominique de Villepin forsætisráðherra ákvað að fara til þess að ná þessu markmiði. Atvinnurekendur er veitt heimild til þess að bjóða ungu fólki tveggja ára reynsluráðningu, sem þýðir að þeir geti rekið fólk hvenær sem er á reynslutímanum án þess að gefa neinar skýringar.

Gagnrýndur laganna halda því reyndar fram að þau muni alls ekki skila tilætluðum árangri, heldur muni þau þvert á móti auka enn á atvinnuóryggi ungs fólks og gera atvinnurekendur auðveldara að misnota starfsfólk sitt.

Í ofanálag eru andstæðingar



UNGA FÓLKIÐ MÓTMÆLIR Í síðustu viku efndu stúdentar til mótmæla á lestarstöðinni Gare du Nord í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

forsætisráðherrans afar ósáttir við það hvernig staðið var að laga-setningunni. Ráðamenn keyrðu hana í gegnum þingið án þess að láta neinar útskýringar fylgja svo að unga fólkið, sem lögin taka til, gæti áttað sig á því fyrir fram hvaða áhrif þau myndu hafa. Þeir sem völdin hafa höfðu komist að niðurstöðu, hinir skyldu taka við því sem að þeim væri rétt.

Kampavin með matnum

Undir niðri virðast deilurnar því snúast um klofning frönsku þjóðarinnar, sem mörg undanfarið ár hefur farið vaxandi frekar en hitt. Ráðastéttin hefur fjarlægst æ meir raunveruleika almennings, sem á sífellt erfiðara með að sætta sig við einhliða ákvarðanir þeirra sem völdin hafa.

Þetta kom berlega í ljós á síðasta ári þegar almenningur hafnaði í kosningum stjórnarskrá Evrópusambandsins, sem Chirac hafði gert sér miklar vonir um að yrði samþykkt. Niðurstöður þeirra kosninga beindust að verulegu leyti gegn frönsku ráðastéttinni, jafnvel miklu fremur en gegn

áformunum um sameiginlega stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Síðasta haust brutust út óeirðir þegar ungt fólk, flest fátækt, atvinnulaust og úr fjölskyldum innflytjenda, fór hamföllum í þrjár vikur og leystu þær víða úr læðingi uppsafnaða reiði út í kerfi sem hefur skilið það eftir úti í kuldanum.

Það þótti nokkuð lýsandi fyrir ástandið þegar ríkisstjórnin settist saman að snæðingi í síðustu viku í skrifstofum forsætisráðherrans og sötraði dýrindis kampavin með matnum á meðan mótmælin voru í hámarki fyrir utan gluggana. Ungmennin börðu á trommur og heimtuðu að hlustað yrði á kröfur þeirra.

Engin lausn í sjónmáli

Þrátt fyrir öll mótmælin undanfarnar vikur virðast Jacques Chirac forseti, de Villepin og aðrir ráðamenn ætla að láta þau sem vind um eyru þjóta. Núna fyrir helgina áttu stjórnvöldin í viðræðum við verkalýðsfélögin, námsmenn og atvinnurekendur til að finna leið út úr þessum



FRÉTTASKÝRING

GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

ógöngum, en samkomulag virtist ekki í sjónmáli.

Að þeim loknum sagðist Jacques Chirac forseti einungis vonast til þess að þessar viðræður myndu skila þeim árangri að stúdentar gætu farið að búa sig undir prófin og aðrir nemendur kæmst aftur í skólann. Þá ítrekaði de Villepin forsætisráðherra að hann ætlaði sér alls ekki að verða við háværum kröfum um að hann segði af sér. Chirac forseti hefði fengið honum verkefni í hendur og það verkefni ætla hann sér að leiða til lykta.

Verkalýðsfélögin hafa hins vegar gefið stjórninni frest til 15. apríl, en þann dag fer þingið í páskafrí. Verði lögin ekki numin úr gildi fyrir þann tíma verður eftir til enn frekari mótmælaaðgerða og „þá verða engar tegundir aðgerða útilokaðar,“ eins og segir í yfirlýsingu verkalýðsfélaganna.



FORSÆTIS- OG FJÁRMÁLARÁÐHERRA Dominique de Villepin forsætisráðherra og Thierry Breton fjármálaráðherra sátu fyrir svörum á blaðamannafundi í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VERKALÝÐSLEIÐTÖGINN Francois Chereque fer í frakkann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

DV

Hefur þú séð DV í dag?

Inga Þóra Jónsdóttir er konan á bak við Idolstjörnu Íslands



Vissi alltaf að Snorri væri stjarna

Kauptu nýja bílinn á gamla genginu

Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.
Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.

Komdu núna



Sjálfskiptur. 153 hestöfl.

Kauptu. 2.690 þús.

Vertu á stæðilegri bíl. Escape. Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseginnleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Veldu Ford

Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV4. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape.



Veldu stæðilegri sportjeppa.

Skiptu um bíl. Komdu í dag. Vertu á Ford Escape.



● Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 49.250 kr.



● Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 42.480 kr.
Rekstrarleiga 56.620 kr.




● Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 44.250 kr.
Rekstrarleiga 58.820 kr.



● Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 47.110 kr.
Rekstrarleiga 62.390 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltr fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



skoðun

SJÓNARMÍÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Laun starfsmanna á dvalar- og hjúkrunarheimilum verða að hækka.

Svartur blettur á allsnægtarsamfélaginu

Kynslóðin sem nú byggir dvalar- og hjúkrunarheimili landsins er kynslóðin sem lagði grunninn að velferðarsamfélaginu sem við nú búum í, kynslóðin sem á eigin skinni upplifði hraða þróun og gríðarlegar breytingar í samfélaginu. Þessi kynslóð ólst upp í tiltölulega einföldu bændasamfélagi og verður að eldri borgurum í margbrotnu borgarsamfélagi sem hún hefur að miklu leyti sjálf byggt upp. Þessi kynslóð Íslendinga ólst upp við mikla vinnu frá ungum aldri og stundum kröpp kjör. Þetta er kynslóð sem gat boðið börnum sínum allt önnur og betri uppvaxtarskilyrði en foreldrar hennar höfðu tök á að bjóða sínum börnum og þetta er líka síðasta kynslóðin sem að stóru leyti sinni umönnun aldraðra sjálf, til dæmis með því að taka foreldra inn á heimili sín.

„Þessum konum eru boðnar allt niður í 110 þúsund krónur á mánuði fyrir störf sín, laun sem eru víðsfjarri því að geta talist mannsæmandi.“

Afkomendur þeirra sem í dag eru aldraðir bera nú uppi íslenska efnahagskerfið, betur menntað fólk en kynslóð foreldranna og betur efndu líka, að minnsta kosti að meðaltali. Eitt af verkefnum þeirra kynslóða er að tryggja því fólki sem skilnað hefur kröftum heillar starfsævi til samfélagsins ævikvöldi sem sómi er að, gera því kleift að lifa með þeirri reisn sem það á skilið og hefur unnið sér fyrir. Þetta er vitanlega verkefni hvers og eins í sínum ranni um leið og þetta er eitt af þeim sameiginlegu verkefnum sem almennir borgarar kjósa fulltrúa sína til að sinna.

Á dvalar- og hjúkrunarheimilum landsins vinnur mikill fjöldi fólks, aðallega kvenna, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og annað starfsfólk, aðallega konur. Þetta eru konur sem bera hag skjólstæðinga sinna fyrir brjósti, konur sem hafa unnið erfið störf, eins og aðhlyning aldraðra er, á lágum launum, og gert það vel.

Í vikunni sem leið minntu ófaglærðir umönnunarstarfsmenn á launakjör sín, og það ekki í fyrsta sinn. Þessum konum eru boðnar allt niður í 110 þúsund krónur á mánuði fyrir störf sín, laun sem eru víðsfjarri því að geta talist mannsæmandi. Hvert og eitt okkar sem erum á miðjum aldri vill vitanlega aðeins það besta fyrir foreldra okkar. Það gildir áreiðanlega líka um þá sem halda um sameiginlega pyngju okkar allra. Það er því löngu tímabært að kjörnir fulltrúar okkar taki ábyrgð á þeirri hneisu sem laun umönnunarstarfsmanna eru.

Eitt af einkennum síðara velferðarsamfélaga er að hlúa vel að börnunum, sem er fólk framtíðarinnar, og einnig að ölduðum, fólkinu sem hefur skilað sínu til samfélagsins. Launin sem víðast hvar eru í boði fyrir þá sem sinna uppeldi og aðhlyning þessara hópa, og raunar þeirra sem gista sjúkrahús í veikindum, eru í engu samræmi við þetta.

Það er hlálegt að sú kynslóð sem vel hefur notið allra þeirra kosta og kjara sem þeir sem í dag eru eldri borgarar byggðu upp, skuli vera svo ráðalaus sem raun ber vitni þegar kemur að umönnun aldraðra.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bækur í stað þotna

Í umræðum á Alþingi síðastliðinn fimmtudag um utanríkis- og varnarmálin barst í tal höfðingleg bókagjöf Bandaríkjamanna í liðinni viku. Þótti sumum þingmönnum sem verndarar vorir til áratuga væru ekki nægilega alvörufegnir við framkvæmd varnarsamningsins þótt bækurnar 200 um varnar- og öryggismál væru góðra gjalda verðar. Tekið var fram að bókargjöfin hefði ekkert með brotthvarf hersins og herþotna að gera; tímasetningin væri hrein tilviljun.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra gerði bókagjöfina að umtalsefni á vefsíðu sinni fyrir helgi, en bækurnar fjalla um öryggis- og varnarmál og verða varðveittar í bókasöfnum Háskóla Íslands: „Það var haft á orði við mig í sundinu í morgun, að nú mætti ég hafa mig allan við að lesa og þegar ég kváði, var vísað til þessarar gjafar Bandaríkjustjórnar... Sé raunin sú, að í safninu eða í fórum alþjóðamálastofnunar hafi ekki verið til bækur um herfræðileg efni eða öryggismál, er Bandaríkjustjórn að bæta úr brýnni þörf - hvað sem líður öllum orrustuþotum.“

„Með ólíkindum er reyndar að þrátt fyrir verðtrygginguna séu vextir með þeim hæstu sem þekkjast og vaxtamanur inn- og útlána eins mikill og raun ber vitni.“ Þannig segir í greinargerð tólf þingmanna Samfylkingarinnar með tillögu um skipun nefndar sem fjalla skal um afnám verðtryggingar lána hér á

landi. Tillagan hefur verið flutt á þremur undanförunum þingum.

Í greinargerðinni segir enn fremur: „Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldara. Sömu-leiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldara, skekkið allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfum engin áhrif á, eins og verðhækkningar erlendis, geta keyrt upp vísitöluna. Nefna má einnig að verðtryggingin er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur því torvelað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekja til notkunar verðtryggingar á fjárskuldbindingum.“

johannah@frettabladid.is

Dvergurinn og daman

Þegar við vorum næstum því farin að trúa því að við værum stórveldi - eftir allar útrásarauglýsingarnar og fréttirnar af áhrifum krónunnar á gengi brasílíska rælsins - var okkur kippt niður á jörðina af þremur nöfnum úr jurtaríkinu: Bush, Rice og Rumsfeld. Við erum semsagt enn bara dverghjóð sem hefur tituprjónsgildi í alþjóðamálum. Já, sárt er það.

Hvernig skilja dvergar? Líklega ekki alveg á sama hátt og aðrir menn. Ekki síst ef þeir voru giftir slíkum tveggja metra dömum sem Bandaríkin eru. Innst inni átti dvergurinn alltaf von á skilnaði. Í raun skildi hann aldrei hvað þessi skutla var að gera með honum. Það kemur honum því ekki alveg á óvart þegar í ljós kemur að allan tímann átti hún hundrað elskhuga og fer nú fram á skilnað vegna þess að hún var að bæta við sig tíu nýjum. Hvað gerir dvergur?

Við höfum fylgt með því í fréttum hvernig ráðamenn okkar glíma við höfnunartilfinningu sem er aðeins of stór fyrir litla þjóð. Þeir hafa tekið þessu þegjandi. Þeir harm sinn í hljóði. Muldra eitthvað um að þeir hafi átt von á þessu, rétt eins og dvergurinn sem átti alltaf von á því að daman dömpaði honum. Dvergaðömp er sannarlega sorglegt fyrirbæri en óneitanlega einnig ögn sköplegt. Og það hefur verið sárgrætilegt að fylgjast með okkar fremstu mönnum.

Utanríkisráðherra reyndi að snúa málinu upp í grín og talaði um að maður fengi ekki alltaf sætustu stelpuna heim með sér af ballinu. Heldur yrði maður að sætta sig við eitthvað annað sem gerði sama gagn. Þessi óheppilegi húmor á eftir að fylgja Geir H. Haarde um ókomin ár og með honum teiknaði hann ómurlega mynd af okkur Íslendingum. Hin nýstolta útrásarþjóð lítur á sig

Í DAG
VARNIR
LANDSINS

HALLGRÍMUR
HELGASON

Korteri-þrjú-gæinn Geir hugnast okkur ekki. Að minnsta kosti finnst okkur þetta ekki rétta hugarfarið þegar menn eru á leið í „samningaviðræður“ um framtíð landvarna.

sem flottan gæja og finnur sig ekki í myndinni af desperat fyllibyttu á dansleik. Á árunum áður voru slíkir menn kallaðir korteri-þrjú-gæjar. Þegar skemmtistaðirnir lokuðu klukkan þrjú lækkuðu menn kröfurnar jafn hratt og stundin nálgadist.

Korteri-þrjú-gæinn Geir hugnast okkur ekki. Að minnsta kosti finnst okkur þetta ekki rétta hugarfarið þegar menn eru á leið í „samningaviðræður“ um framtíð landvarna.

Samningadagur rann upp og Kaninn mætti með... já, nánast með allt varnarliðið. Hvorki fleiri né færri en tuttugu og sex herforingjar í fullum skrudu voru leiddir inn í Utanríkisráðuneytið við Rauðarárstíg til að taka sér sæti gegnt fimm hlédrægum Íslendingum sem aldrei höfðu skotið úr byssu. Hvaða sýning var þetta? Vart áttu þeir allir að taka til máls? Var þetta nokkuð annað en óprútt-íð „show of force“? Það var sem maður heyrði hneggjandi táningshláturinn í Bush á bakvið medalíungvinnu sem blasti við fimmenn-íngunum á þessum „samningafundi“. Að sögn kom herforingjaherinn ekki með nein-

ar tillögur. Það var erfitt að taka þessu öðruvísi en sem úthugsaðri niðurlægingu. „Sýnum þessum derringsslega dvergi hversu stór hann er í raun.“

Í kjölfarið komu síðan fregnir af bókagjöf Bandaríkjamanna, rétt eins og þeim hafi ofboðið fáfræði okkar fólks á fundinum. „Við erum þá farnir. Bless. En talið við okkur þegar þið eruð búnir að lesa þetta.“ Niðurlæging á niðurlægingu ofan. Daman er ekki bara búin að gleyma dvergnum daginn eftir skilnað heldur gerir hún grín að honum opinberlega. Samt sem áður hafa okkar menn nú ákveðið að bíða enn frekar eftir tillögum frá Kan- anum, gefa þeim annan séns.

Þegar Góliat sýnir tennurnar verður manni hugsað til Davíðs. Kannski hefði kokhreysti hans komið sér vel nú. En þá munum við eftir fundi hans og Bush og erum ekki lengur jafn viss. Orðskipti þeirra við blaðamenn eru birt í nýrri bók Andra Snæs, lesning sem rifjar upp sorgartilfinninguna sem fylgdi því að sjá Davíð breytast í dverg við hlið Góliats. „The future of the world is much better“, sagði Prime Minister Oddsson um Íraksstríðið. „There is hope now. There was no hope before.“ Auðvitað er það vissast afrek að koma út eins og kjáni þegar maður situr við hliðina á George W. Bush - afrek sem að líkindum var fórn sem nú hefur hinsvegar komið í ljós að skilaði engu. Það er sárt að niðurlægja sig í von um umbun en fá síðan ekki. Æ æ.

Það er og verður alltaf snúið fyrir dverg að umgangast risa og ég er ekki með neinar snjallar lausnir á hegðan okkar manna í nútíð eða fortíð, Halldórs, Geirs eða Davíðs. En við hljótum samt að fara fram á ögn meiri myndugleik. Það hlýtur alltaf að vera skárri að mæta mönnum standandi heldur en liggjandi, jafnvel þótt maður sé ekki hár í loftinu.

Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærrí innlánsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

sph
550 2000 | www.sph.is

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

TILBOÐ



TViX SPILARI

BEINT Í SJÓNVARP

Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölu



EINNIG 3.5" HÝSING

Virkar einnig sem venjulegur harðiskafllakari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar



BEINT Í GRÆJUR

Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölu eða sjónvarps



ÖRUGG VINNSLA

DVico TViX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar með öllum venjulegum 3.5" IDE harðiskum



AUÐVELD Í NOTKUN

Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG



FYLGIHLUTIR

Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum



ÁN HD
14.900

250GB
24.900

320GB
29.900

CORSAIR XMS DDR400



- 1GB 400MHz Corsair XMS CL2 vinnsluminni, í ál kæliplötu
- Álplatan skilar kaldara og öruggara minni
- Corsair XMS er eitt hraðvirkasta minnið á markaðnum í dag
- Corsair er 100% prófað og kemur með lífstíðarárbyrgð

VERÐ 9.990

WD HARDIR DISKAR



SPECIAL EDITION

Special Edition harðiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer



FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tækni skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðiskum



WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðiskanir í dag á enn betra verði en áður



250GB 8.990 | **320GB 13.900**

X-FI XTREME



Sound Blaster X-Fi XtremeMusic 7.1 er eitt flottasta hljóðkortid í dag. Frábært kort með EAX 5.0, 8MB minni o.fl.

VERÐ 14.900

GEFORCE6 NX6600GT



MSI Geforce6 NX6600GT með ofur hraðvirkt 128MB DDR3 1000MHz minni, TV-út, VGA og DVI tengi, PCI Express 16X

VERÐ 14.900

16X DVD SKRIFARI



Hljóðlátasti 16X +/-DVD Dual Layer skrifarinn á markaðnum í dag. Nero skrifara hugbúnaður fylgir með


VERÐ 5.490

EX110 ÞRÁÐLAUST




Logitech Cordless Desktop EX 110 þráðlaust svart og silfræð lykklaborð og frábær optical mús, PS2/USB2


VERÐ 4.990



VERÐ 1.990



VERÐ 1.990




VERÐ 2.490



VERÐ 3.490



VERÐ 3.490



VERÐ 3.490



VERÐ 3.990



VERÐ 3.990

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

MORARJI RANCHHODJI DESAI (1896-1995)
LÉST PENNAN DAG

„Sérfræðingur hefur hlutlægt sjónarmið. Hann hefur sitt eigið sjónarmið.“

Indverska frelsishefjan Morarji Desai varð forsætisráðherra Indlands.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 10. APRÍL 1912

Titanic leysir landfestar

Pennan dag árið 1912 lagði farþegaskipið Titanic upp í jómfrúarferð sína frá Southampton í Englandi. Mikið var um dýrðir enda Titanic umtalað fyrir að vera eitt stærsta og fínasta skip heimsins á þessum tíma. Titanic átti að skila farþegum sínum til New York í Bandaríkjunum en fórst á leiðinni og tók með sér um fimmtán hundruð farþega og starfsmenn.

Farþegarnir á Titanic voru mestmegnis bandarískar og breskar fjölskyldur ásamt fólki frá öðrum Evrópulöndum. Mikið af vel stæðu fólki var í skipinu vegna þess að það var rómað fyrir þægindi og

margir þráðu að fara með í jómfrúarferðina.

Margt er enn á huldu um ástæður þess að Titanic sökk. Vitað er að skipið lenti í árekstur við ísjaka skömmu fyrir miðnætti hinn fjórtánda apríl og eitthvað í kjölfarið varð þess valdandi að skipið fórst. Manntjónið var sérstaklega mikið vegna þess að ekki voru nógu margir björgunarbátar fyrir alla farþega og starfsmenn skipsins.

Árið 1985 fannst flak Titanic á botni Atlantshafsins og hafa síðan verið farnar æði margar rannsóknarferðir niður að flakinu til að reyna að varpa ljósi á sannleikann um af hverju Titanic sökk.



MERKISATBURDIR

- 1886 Magnús Stephensen er skipaður landshöfðingi.
- 1925 The Great Gatsby eftir Scott Fitzgerald er gefin út í New York.
- 1938 99,7 prósent Austurríkismanna samþykkja „Anschluss“ og verða hluti af Þýskalandi.
- 1972 Þróun, framleiðsla og söfnun á efnavopnum er bönnuð með undirritun sáttmála um efnavopn af meira en 150 löndum.
- 1974 Grindavík, Bolungarvík, Dalvík og Eskifjörður öðlast kaupstaðarréttindi.
- 1988 Seto-brúin milli Honshu og Shikoku í Japan er opnuð fyrir umferð eftir að hafa verið í byggingu í áratug.

AFMÆLI



Jónas Kristjánsson handritafræðingur er 82 ára.



Tryggvi Gunnar Hansen listamaður er fimmtugur.



Sveinn Hlífar Skúlason forstjóri Hrafnistu er 62 ára.



Erling Jóhannesson leikari er 43 ára.



KÁTUR KAUPMAÐUR Sölvi Óskarsson er að vonum ánægður með nýfallin hæstaréttardóm sem gerir honum kleift að hafa vörurnar í verslun sinni sýnilegar viðskiptavinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SÖLVI ÓSKARSSON KAUPMAÐUR Í TÓBAKSÚÐINNI BJÖRK: HAFÐI BETUR GEGN RÍKINU

Tjaldið í Björk er fallið

Sölvi Óskarsson, kaupmaður í Tóbaksúðinni Björk við Bankastræti, þarf ekki lengur að fela vörurnar sínar eins og hann hefur þurft að gera undanfarin ár. Hæstiréttur dæmdi honum í vil í máli sem hann höfðaði gegn íslenska ríkinu eftir að bannað var með lögum að hafa tóbak sýnilegt í verslunum. Dómurinn nær einvörðungu til Bjarkar því hann tekur aðeins til sérhæfðra tóbaksverslana.

Sölvi er að vonum kátur með dóminn en málið hefur tekið á fimmta ár. „Nú er hátið og ég hef fengið blóm og árnaðaróskir,“ segir Sölvi, sæll og glaður með að sé óréttur sem hann hefur verið beittur heyrri sögunni til.

Þegar lög um tóbaksvarnir gengu í gildi 2002 þurfti Sölvi að bregða tjaldi fyrir vindlapakkana í hillum sínum. Klukkan hálf fimma fimmtudag, skömmu eftir að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn, féll tjaldið. „Maður tekur gleði sína með því að þjónusta fólk, það var undarlegt að ætla manni að selja vöru sem ekki mátti sjást og helst hvergi nota,“ segir Sölvi, sem í raun þurfti að þakka í búðinni sinni vegna laganna. „Í raun og veru mátti ég heldur ekki setja nokkrar tegundir af smávindlum á búðarborðið fyrir viðskiptavininn að velja úr svo þetta er náttúrulega allt annað líf.“

Sölvi hefur ekki áður

þurft að höfða mál gegn ríkinu og þakkar lögmanni sínum Hróbjarti Jónatanssyni fyrir hvernig fór. Áður hafði héraðsdómur fallið Sölva í óhag.

Sölvi hefur staðið vaktina í Björk við Bankastræti síðan snemma árs 1985. Hann keypti þá tóbaksúðina Bristol, sem hafði verið í eigu sömu fjölskyldu síðan fyrir 1930. Sölvi hafði með sér nafnið á biðskýlinu Björk í Hafnarfirði en þar var hann kaupmaður í tólf ár. Og áður en Sölvi hélt í Fjörðinn höndlaði hann með veiðivörur í veiðafæra- versluninni Verðandi í Hafnarstræti í þrettán ár. Hann hefur því verið bak við búðarborðið í bráðum hálfra öld, síðan 1958.

Sölvi segir að margt hafi breyst í tóbaksmenningu Íslendinga á umliðnum árum og finnst mjög til bóta að fólk sé hætt að reykja á mörgum opinberum stöðum, til dæmis í verslunum og leigubílum. Þá hefur stórdregið úr reykingum í bifreiðum en áður var alengt að foreldrar reyktu báðir fram í með þrjú börn í aftursætinu. En ætli smekkur fólks fyrir tóbaki hafi breyst? „Þetta er afskaplega mismunandi,“ segir Sölvi. „Það eru bragðlaukarnir sem ráða en menn eru geipilega fastir í sinni tegund og vilja ekkert nýtt.“ Sjálfur reykti Sölvi frá því hann var sextán ára til 26 ára aldurs en hefur ekki snert á því síðan.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Gunnlaugs Sigurðssonar
Sæbakka 8, Neskaupstað.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Margrét Björgvinsdóttir
Björk Gunnlaugsdóttir
Sigrún Gunnlaugsdóttir
Halldór Gunnlaugsson
Hjörleifur Gunnlaugsson
Lilja Salný Gunnlaugsdóttir
afabörn og langafabörn.

Borgþór Jónsson
Bóas Bóasson
Elsa Reynisdóttir
Hulda Eiðsdóttir
Hafsteinn Þórðarson

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallega fylgihlutir. Ljósar, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Fróðleikur af gardur.is

Merk og sjálfstæð skáldkona:

Sigríður Einars frá Munaðarnesi

Margrét Sigríður Einarsdóttir var f. 4. okt. 1893 í Hlíðutúni í Stafholtstungum, dóttir Einars Hjálms. b. í Munaðarnesi og k.h. Málfríðar K. Björnsd. ljósmóður. Missti móður sína 6 ára. Fekk barnaskólafræðslu og nokkra einkakennslu; varð listaskrifari. Ráðskona föður síns 16–20 ára. Vann hjá sýslum. á Patreksf. frá 1913, sýsluskrifari 1915–18 og í Borgarnesi 1918–19; vann á Pósthúsinu í Rvík. Nam tungumál og bókmenntir í Dresden 1922–23; vann við kjólasaum erlendis. Bar með sér heimsborgarabrag. 1926–32 í Borgarnesi, síðan í Rvík; rak saumastofu. Gæzlukona í Þjóðminjasafninu 1958 til dd. 10. júlí 1973. Stofnaði kvenfél. Sif, Patreksf.; heiðursfél. þess, MFÍK og Póstm.fél. Virk í Kvenréttindafél. og ritnefnd 19. júní. Ritari Mæðrafél. 14 ár. Skáld og þýðandi. Orti um náttúruna, ástarljóð o.fl., oft með fágætri glettni: Þú varst eins og bæn sem ég bað / og það blys, er mér lífsgleði jók. / Nú ertu sem óskrifað blað / – ein örk í minnisbók. // Ég elskaði augun þín, / svo orti ég til þín ljóð. / Þú varst einasta ástin mín / það augnablik sem hún stóð. Meðal frumherja í að yrkja órimuð ljóð; hafði áhrif á Jón úr Vör og Stein Steinarr. Ljóðabækur: Kveður í runni, Milli lækjar og ár, Laufþyrtur, Í svölu rjóðri. Þýddi 3 skáldsögur. Lauk við glæsipýð. K. Ísfelds á Kalevala. Sonur hennar með Karlí Ísfeld: Einar Ísaldur, f. 15. okt. 1935.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að setja inn arviðing láttina Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

gardur.is

Góðgerðarkort Netbankans

Netbankinn hefur hafið útgáfu svokallaðra góðgerðar- og lífsstílskorta en með notkun þeirra styðja korthafar við ABC barnahjálpa. Körtin eru hefðbundin debet- og kreditkort og renna öll færslugjöld Netbankans til ABC barnahjálpar auk þess sem ABC fær eitt þúsund króna framlag við stofnun hvers korts. Að auki láta nokkur samstarfsfyrirtæki eitt prósent af viðskiptum korthafa renna til ABC.

Starf AVBC barnahjálparar snýst um að bæta hagbágstaddir barna og er markmiðið að veita munaðarlausum, fátækum og umkomlausum börnum



NÝJA KORTINU ÝTT ÚR VÖR Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, Ungfrú heimur, leggur AVBC barnahjálpinu lið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

varanlega hjálp í formi menntunar og heimila auk

þess að njóta læknishjálpar, framfærslu og umhyggju.

JARÐARFARIR

- 13.00 Ólafur Ólafsson, Rauðalæk 59, verður jarðsungið frá Fossvogskirkju.
- 13.00 Þorgils Þorbjörn Þorgilsson, klæðskerameistari, Hrafnistu Hafnarfirði, áður til heimilis á Garðavegi 8, Hafnarfirði, verður jarðsungið frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.
- 14.00 Sigvaldi Loftsson, Esjubraut 35, Akranesi, verður jarðsungið frá Akranesirkirkju.
- 15.00 Gunnar Jóhannsson verður jarðsungið frá Fossvogskirkju.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

UPPHLEYPT OG
GRÓF MYNSTUR
ÁBERANDI

Gömul húsgögn öðlast nýtt
líf í höndum bólstrara

HÚS 2

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

| | |
|-------------------------|-------|
| Ás | 10-12 |
| Árborgir | 32 |
| Búseti | 40 |
| Domus | 8 |
| Draumahús | 22-27 |
| Eignamiðlun | 29 |
| Erla investment | 36 |
| Fasteignast. Mosfellsb. | 20 |
| Fasteignastofan | 15 |
| FMG fasteignasala | 15 |
| Foss | 29 |
| Gloria Casa | 28 |
| Hof | 13 |
| Húsanaust | 14 |
| Húseign | 33 |
| Höfði | 35 |
| Lundur | 16 |
| Neteign | 39 |
| Nýtt | 38 |
| Remax | 41 |
| Remax Mjódd | 37 |
| Smárin | 18 |
| Valhöll | 30 |



Glæsilegur garður umlykur húsið og umhverfis það er að mestu hellulögð stétt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
10. apríl, 100. dagur ársins
2006.



| | | | |
|-------------|---------|----------|-------|
| Sólarupprás | Hádegis | Sólarlag | |
| Reykjavík | 6.14 | 13.29 | 20.46 |
| Akureyri | 5.53 | 13.14 | 20.36 |

Heimild: Almanak Háskólans

Fallegt hús með tilkomumiklu anddyri

Fasteignasalan Draumahús er með 234,7 fermetra einbýli á tveimur hæðum til sölu. Húsið er á rólegum stað í Garðabæ.

Johan Westman, dagskrárstjóri Kanal 5, segist í viðtali hafa orðið hissa þegar hann frétti af atvikinu. „Mér finnst þetta nokkuð merkilegt atvik. Stjórnendur brugðust rétt við með því að sýna ekki það sem fór fram,“ segir Westman. „En svona líta þátttakendurnir á kynlíf og verða að standa og falla með því. Þetta atvik snerist um eitthvað sem tveir aðilar gerðu af fúsum og frjálsum vilja. Fólk getur haft misjafnar skoðanir á því að aðrir hafi staðið hjá og horft á en það kom aldrei til greina af okkar hálfu að ryðjast inn og stöðva það sem fór fram.“

Spurður hvort unga fólkinu gæti ekki líðið illa á eftir svaraði Westman: „Við erum með faglært fólk á svæðinu sem vakir yfir þátttakendum og skerst í leikinn ef það telur þörf á. Við teljum ekki svo vera nú,“ bætti hann við.

„Starfsmenn Kanal 5 beita þátttakendur í Stóra bróður þrýstingi, bæði hvað varðar drykkju og kynlíf, og vonast til að skandalarnir verði sem mestir. Þeir hafa miklu meiri áhrif innanhúss en fólk sér í sjónvarpinu,“ segir Elita, sem var meðal þátttakenda í Stóra bróður í fyrra. Hún vill ekki álasa þátttakendunum í ár sem hafa verið duglegir við að sofa hjá öðrum þátttakendum. „Tökum sem dæmi þessa sem svaf hjá um síðustu helgi. Hún er mjög ung og ábyrgðin liggur ekki hjá henni heldur hjá þeim sem velja úr þátttakendum. Þeir reyna að velja þátttakendur sem eru trúverðugir og hafa eins mikið í pokahorninu og hugsast getur svo skandalarnir verði sem mestir.“



Við furðum okkur á...

... leikjaniðurröðun KKÍ í úrslitakeppni sem er gjörsamlega glórulaus. Hvernig er hægt að setja á leik í úrslitunum tveim dögum eftir fimmta oddaleik í undanúrslitunum og svo aftur tveim dögum síðar? Til að toppa vitleysuna kemur í kjölfarið fimm daga frí. Hvorugu liðinu er greiði gerður með þessari vitleysu.

sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN ÓLAFUR STÍGSSON: ENN OG AFTUR MEIDDUR Á SAMA HNÉNU

Þetta er að verða frekar pirrandi

Meiðslasaga miðjumannsins úr Árbænum, Ólafs Inga Stígssonar, er að verða sorgleg í meira lagi. Þessi öflugur leikmaður er meiddur á sama hnénu enn og aftur en hann hefur tvisvar slitið krossbönd í hnénu. Fylkismenn lifa í þeirri von að Ólafur sé með rifinn liðþófa en ef svo er verður hann klár fyrir fyrsta leik í Landsbankadeildinni. Af fenginni reynslu getur Ólafur ekki neitað því að hann óttast verri úrskurð enda hefur hnéð verið að plaga hann í fjölda ára, „Þetta gerðist á æfingu úti í Portúgal og var ósköp saklaust. Það er nánast klárt að liðþófinn er farinn og ég vona það



besta þó ég geti ekki neitað því að ég hef ekki útilokað að staðan sé verri svona í ljósi sögunnar,” sagði Ólafur frekar svekktur en hann hefur verið í eilífum vandræðum með þetta hné í fjögur ár. Ólafur spilaði fimmtán leiki af sautján með slitin krossbönd leiktíðina 2004 og skoraði þá þrjú mörk. Síðasta sumar varð síðan endasleppt þar sem hann sleit aftur krossbönd og kom aðeins við sögu í þrem leikjum Fylkis. Það hlýtur því að vera áfall að lenda í meiðslum á sama hnénu rétt fyrir

mót eftir að hafa verið kominn í fint form.

„Það er ekki hægt að neita því að þetta er að verða frekar pirrandi. Ég er ekki enn búinn að fá lokaniðurstöðu og ég vona það besta enda betri í löppinni en ég var þegar ég meiddist um daginn,” sagði Ólafur, sem sagðist ekkert vera farinn að spá í hvað hann myndi gera í framhaldinu fari svo að hann sé slitinn enn eina ferðina. Forráða- og stuðningsmenn Fylkis liggja eflaust á bæn eftir góðum niðurstöðum þegar Ólafur hittir lækni í vikunni þar sem liðið má illa við því að missa Ólaf úr hópnum en í ljósi fjölda krossbands-slita hjá félaginu síðustu ár kæmi lítið á óvart að hann væri slitinn.

> Jafnt hjá Silkeborg

Íslendingaliðið Silkeborg gerði markalaust jafntefli við Midtjylland í danska boltanum í dag. Bjarni Ólafur Eiríksson og Hörður Sveinsson voru báðir í byrjunarliði Silkeborg í leiknum en Hörður var tekinn af velli á 75. mínútu. Bjarni Ólafur þótti standa sig vel í leiknum og fékk 8 í ein-kunn hjá BT en Hörður aðeins 6 en hann hefur ekki náð að fylgja eftir frábærri byrjun sinni hjá félaginu.



JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Er að spila vel á Ítalíu.

Jón Arnór Stefánsson:

Skoraði 17 stig

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson og félagar í Napoli Carpisa töpuðu um helgina gegn toppliði Montepaschi Siena, 76-97. Jón Arnór lék í 28 mínútur og átti finan leik, skoraði 17 stig og reif niður 7 fráköst. Napoli féll niður í sjötta sæti deildarinnar við tapið. - hbg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

7 8 9 10 11 12 13

Mánudagur

LEIKIR

20.00 Skallagrímur og Njarðvík mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta. Þetta er önnur viðureign liðanna í úrslitum Íslandsmótins.

SJÓNVARP

16.00 Ensku mörkin á RÚV.
 18.30 US Masters á Sýn.
 19.50 Skallagrímur-Njarðvík á Sýn. Bein útsending.
 23.20 HM 2002 á Sýn.

Framar björtustu vonum

Fimleikadrottningin Sif Pálsdóttir hélt áfram að fara á kostum á seinni degi NM. Hún bætti við öðrum Norðurlandameistararitli sem og tveim silfurpeningum. Rúnar Alexandersson varð einnig Norðurlandameistari á einu áhaldi.

FIMLEIKAR Norðurlandamótið í áhaldafimleikum um helgina heppnaðist mjög vel í alla staði og ekki skemmdi fyrir stórkostlegur árangur Íslendinganna. Sif Pálsdóttir, sem er í Gróttu en ekki Gerplu eins og var rangt með farið í blaðinu í gær, sigraði í samantögu á laugardag og bætti svo um betur í gær þegar hún varð Norðurlandameistari á tvislá og lenti í öðru sæti á jafnvægislá og gólfi.

„Ég er gjörsamlega í skýjunum og þessi árangur er framar mínun björtustu vonum,” sagði Sif kampakát við Fréttablaðið í gær. „Ég átti von á að blanda mér á meðal efstu en ekki að sigra og þá sérstaklega í samantögu. Það kom mér mjög á óvart að sigra í samantögu en ég stefndi á sigur á tvislánni og það gekk eftir. Ég held ég sé að toppa þessa dagana eftir langt og strangt keppnistímabil og frábært að uppskera svona ríkulega.“

Sif er búin að keppa mjög grimmt síðustu mánuði og hún segir að keppnisformið hafi hjálpað henni um helgina. Næst á dagskrá er að fara á Evrópumótið sem fram fer í lok apríl og því verður ekkert slegið af. Svo fær Sif kærkomið frí en hvað ætlar hún eiginlega að gera í fríinu? „Ég hef ekkert þælt í því enda nóg annað að gera þessa dagana,” sagði Sif að lokum.

Rúnar Alexandersson kórónaði síðan frábært mót hjá íslenska liðinu með því að landa gulli á tvislá



Einbeitt og glæsileg Sif Pálsdóttir stal senunni á NM í áhaldafimleikum um helgina. Gróttustúlkan vann tvö gull og tvö silfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
 hans sterkasta grein í íþróttinni.
 henry@frettabladid.is

FH hleypti frekari spennu í baráttuna um sæti í efstu deild að ári:

Mikilvægur sigur FH gegn HK

HANDBOLTI Mikil spennu er í DHL-deild karla nú þegar aðeins tvær umferðir eru eftir. FH og HK eru bæði að berjast um að lenda í efri helmingnum en þau mættust í gær þar sem FH vann mikilvægum 30-27 sigur og steig stórt skref í átt að efstu deild næsta tímabil.

Mikið jafnræði var í fyrri hálfleiknum og þegar leikmenn héldu til búningsklefa sinna í hálfleik var staðan hnífjöfn, 16-16. Þetta jafnræði hélst í seinni hálfleiknum en á lokaspertinum reyndust FH-ingar sterkari á heimavelli

sínum, komust þremur mörkum yfir þegar um fimm mínútur voru eftir og náðu að halda því út leikinn.

„Þessi sigur var gott framhald af því sem við höfum verið að gera, leikur okkar hefur verið vaxandi. Við vitum að það er í okkar höndum hvort við verðum í efstu deild á næsta tímabili, ef við klárum okkar leiki náum við því. Við eigum tvo úrslitaleiki enn eftir,” sagði Atli Hilmarsson, þjálfari FH, eftir leikinn.

Mörk FH: Daníel Berg Grét-

arsson 10, Valur Örn Arnarsson 5, Andri Berg Haraldsson 4, Linas Kalasauskas 3, Hjörtur Hinriks-son 3, Pálmi Hlöðversson 2, Hjörleifur Þórðarson 2, Tómas Sigurbegsson 1.

Varin skot: Magnús Sigmundsson 14/4 Elvar Guðmundsson 7.

Mörk HK: Elías M. Halldórsson 9 (3 úr vítum), Valdimar Þórs-son 4, Remigijus Cepulis 4 (1 úr víti), Tomas Eitutis 3, Brynjar Valsteinnsson 3, Romualdas Gecas 2, Jón Gunnarsson 1, Ólafur Ragnarsson 1.

- egm

KÄRCHER
 Háþrýstidætur fyrir heimili
 hesthús - verkstaði

Diskur á palla - státtar

K 2.75 með hliu

K 499 **RAFVER HF**
 Fjölbreytt úrval

SKEIFAN 36-F - 108 REYKJAVÍK
 Sími 581 2333 / 581 2415
 RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

K 7.80 K 5.80 K 6.80

DV Hefur þú séð DV í dag?

Rannsaka tengsl kókaínsmyglara við hórúhús

PÁSKALEIKUR

Þú sendir SMS skeytið BT FBT á númerið 1900. Þú færð spurninguna. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

BT SMS Leikur

5. hver vinnur!

A - Fartölva
 Dregið út 28. apríl
 0kr / 215.988

B - Tölvu
 Dregið út 21. apríl
 0kr / 119.988


C - Húsmjó
 Dregið út 12. apríl
 0kr / 67.588

*Aðalvinnar dregin út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurninguna.

Ég á milljónir aðdáenda um allan heim – og ég get sannað það

Hinn heimspekti Budweiser Budvar er seldur til 52 landa víðs vegar um heiminn.

Vinsældir hans eru ekki síst að þakka þeirri staðreynd
að hann er bruggaður á einum stað og eingöngu úr bestu fánlegu hráefnum.
Hann er alltaf, alls staðar jafn góður.



Budweiser
Budvar

LÉTTÖL

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

Leikmenn Chelsea sýndu gríðarlegan karakter manni færri gegn West Ham:

Skoruðu fjögur mörk manni færri

FÓTBOLTI Leikmenn Chelsea sýndu stórbrotna frammistöðu gegn West Ham á heimavelli í gær. Eftir aðeins sextán mínútur var West Ham marki yfir og manni fleiri eftir að Maniche hafði fengið að líta rauða spjaldið.

Þrátt fyrir það neitaði Chelsea að leggja árár í bát og Drogba og Crespo komu liðinu yfir fyrir hlé. Terry og Gallas fullkomnuðu svo stórsigur Chelsea, 4-1.



HETJUR Drogba og Crespo skoruðu báðir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Við sýndum að það skiptir engu hvað Manchester United gerir. Við þurfum ekki að treysta á önnur úrslit til að verða meistara. Þetta var gott svar við sálfræðileikjum Fergusons. Annars var þetta ótrúlegur karakter sem strákarnir sýndu. Það var engin hræðsla og ótrúlegur andi í liðinu. Þetta var stórbrotin frammistöða,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea. - hbg

Rooney rotaði Skytturnar

Wayne Rooney fór á kostum í liði Manchester United er það lagði Arsenal sannfærandi og sanngjarnt, 2-0. Rooney lét sögur í bresku blöðunum um morguninn ekki koma sér úr jafnvægi og lét verkin tala á vellinum.

FÓTBOLTI Dagurinn hjá Rooney byrjaði með því að hann las um meinta 700 þúsund punda spila-skuld sína í blöðunum. Fréttin vakti að sjálfsgöðu heimsathygli og biðu menn því spenntir eftir því hvernig Rooney kæmi stemmdur til leiks. Strákurinn var verðlaunaður fyrir leik sem besti leikmaður marsmánaðar í ensku úrvalsdeildinni. Hann tók síðan til starfa og skoraði fyrri mark leiksins og lagði upp hið síðara er United vann sinn níunda leik í röð.

„Skotið þessa frammistöðu og spáið síðan í hvort þessar fréttir séu eitthvað að trufla mig,“ sagði Rooney við breska blaðamenn eftir leikinn.

Rooney hefði átt að skora annað mark í leiknum er varnarmaðurinn Kolo Toure brá sér í gervi markvarðar og varði skot Rooney's í dauðafæri í stöng. Dómarinn virtist ekki sjá atvikið og sleppti að dæma augljóst víti. „Ef við hefðum ekki unnið leikinn hefði verið sárt að dómarinn



FÖGNUMUR Rooney fagnar hér marki Parks gegn Arsenal en hann lagði það listavel upp og var fyrir búinn að skora eitt mark. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

sleppti því að dæma. Annars erum við að spila frábærlega sem lið og nú sigrar í röð eru frábær árangur,“ sagði Rooney.

Liðsuppstilling Arsenal í leiknum vakti mikla athygli en Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var bæði með Thierry Henry og Freddie Ljungberg á bekknum og Henry lék ekki nema síðustu tuttugu mínútur leiksins og

komst ekki í neinn takt við leikinn.

„Thierry var ekki búinn að jafna sig eftir Evrópuleikinn á miðvikudag. Það hefur verið mikið álag á honum og því setti ég hann á bekkinn,“ sagði Wenger en þess má að lokum geta að áhorfendamet í ensku úrvalsdeildinni var sett á leiknum en hann sá 70.908 úr stúkunnni. henry@frettabladid.is



SVEKKTUR Arsene Wenger hvíldi Thierry Henry í leiknum og saknaði liðið hans sárt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



SAMEINADIR STÖNDUM VÉR Valur Ingimundarson og lærisveinar hans í Skallagrími verða að þjappa sér saman í kvöld er Njarðvík kemur í heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Axel Kárason, leikmaður Skallagríms, bjartsýnn:

Það verður allt vitlaust í „Fjósínu“ í kvöld

KÖRFUBOLTI Annar leikur Skallagríms og Njarðvíkur um Íslandsmeistarátítilinn í körfuknattleik fer fram í kvöld. Njarðvík vann fyrsta leikinn, 89-70, sem var nokkuð furðulegur enda var Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, fullfljótur að margra mati að leggja árár í bát. Skal reyndar haft í huga að Skallagrímur fékk aðeins að hvíla í einn dag eftir fimm leikja rímu við Keflavík á meðan Njarðvíkingar mættu úthvíldir til leiks.

Axel Kárason var einna skástur hjá Skallagrími í fyrsta leiknum

og hann á von á betri frammistöðu í kvöld.

„Við erum vanir að leika vel heima og ég get lofað því að það verður allt vitlaust í Fjósínu í kvöld,“ sagði Axel en íþróttahús Borgnesinga gengur ídulega unir nafninu Fjósíó. „Síðasti leikur var mjög sérstakur en við vorum fljótir að byrja að hugsa um næsta leik. Það má sjá þreytu á ákveðnum leikmönnum en við gefum allt í kvöld og svo kemur ágætt frí en þetta leikjafyrirkomulag er mjög furðulegt.“ - hbg

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

| | |
|--|-----|
| CHELSEA - WEST HAM UNITED | 4-1 |
| 0-1 Collins (10.), 1-1 Drogba (29.), 2-1 Crespo (31.), 3-1 Terry (54.), 4-1 Gallas (69). | |
| LIVERPOOL - BOLTON WANDERERS | 1-0 |
| 1-0 Robbie Fowler (47). | |
| MANCHESTER UNITED - ARSENAL | 2-0 |
| 1-0 Wayne Rooney (54.), 2-0 Park Ji-Sung (78). | |
| MIDDLESBROUGH - NEWCASTLE UNITED | 1-2 |
| 0-1 Boateng, sjm (29.), 0-2 Ameobi (44.), 1-2 Boateng (79). | |

STAÐA EFSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|------------|----|----|----|----|-------|----|
| CHELSEA | 33 | 26 | 4 | 3 | 64-20 | 82 |
| MANCHESTER | 33 | 23 | 6 | 4 | 66-30 | 75 |
| LIVERPOOL | 34 | 21 | 7 | 6 | 48-22 | 70 |
| TOTTENHAM | 33 | 16 | 10 | 7 | 48-33 | 58 |
| BLACKBURN | 33 | 16 | 6 | 11 | 45-39 | 54 |
| ARSENAL | 32 | 16 | 5 | 11 | 53-25 | 53 |

Ítalska A-deildin

| | |
|--|-----|
| AC MILAN - CHIEVO | 4-1 |
| 0-1 Pellissier (13.), 1-1 Nesta (28.), 2-1 Kaká (62.), 3-1 Kaká (70.), 4-1 Kaká (91.). | |
| AS ROMA - LECCE | 3-1 |
| 1-0 Mancini (20.), 2-0 Chivu (23.), 3-0 Mancini (73.), 3-1 Del Vecchio (93.). | |

STAÐA EFSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|----------|----|----|---|---|-------|----|
| JUVENTUS | 32 | 24 | 7 | 1 | 61-20 | 79 |
| AC MILAN | 33 | 23 | 4 | 6 | 74-27 | 73 |
| INTER | 33 | 22 | 5 | 6 | 61-25 | 71 |

Spænska 1-deildin

| | |
|---|-----|
| RACING SANTANDER - FC BARCELONA | 2-2 |
| 0-1 Henrik Larsson (18.), 1-1 Antonio (19.), 2-1 Oscar Serrano (23.), 2-2 Samuel Eto'o (33.). | |
| SEVILLA FC - REAL ZARAGOZA | 1-1 |
| 0-1 Sergio Garcia (46.), 1-1 Enzo Maresca (92.). | |

STAÐAN:

| | | | | | | |
|-------------|----|----|----|---|-------|----|
| BARCELONA | 31 | 21 | 6 | 4 | 70-27 | 69 |
| VALENCIA | 32 | 16 | 11 | 5 | 45-28 | 59 |
| REAL MADRID | 32 | 17 | 8 | 7 | 57-29 | 59 |

„Sama hvað þú lest eða heyrir, ekkert mun búa þig undir kraftinn og þungann í þessari mynd!“
-Quentin Tarantino

★ ★ ★
„Ég er dolfallinn!“
-Roger Ebert



8
HVER
VINNUR!

PAUL WALKER

RUNNING SCARED

FRUMSÝND 12. APRÍL

SENDU SMS SKEYTIÐ

JA RSV Á NÚMÉRID 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA
FYRIR TVÖ.

WINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ
DVD MYNDIR • PEPSI OG MARGT FLEIRA



LAGERÚTSALA Skeifunni 7

Vegna lagerflutninga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl. Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

Í bústaðinn!

Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.

Verðdæmi 160x200 cm kr. 69.900,-



Teppasett

Teppi - pífa - púði og tvö koddaver
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-



Amerískir hægindastólar

Leður og taufni.
Verð frá kr. 45.900,-



Apple náttborð

Eik, vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.

Gaflar

Í miklu úrvali.
15-50% afsláttur



Stillanleg rúm!

Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.




2 dagar eftir!



Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:
Queen rúm 153x203 cm
99.000,- án gafls.



ekki missa af þessu!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Did people ever really dance in bars? I thought that was a myth.“

SVAR:
Charlotte úr kvikmyndinni The Last Days of Disco frá árinu 1998.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KRISTRÚN HEIÐA HAUKSÓTTIR FYLGIST MED PINGINU

Næturlífið á Alþingi er kærkomin tilbreyting

Ef þú hefur fengið yfir þig nóg af morðum og svikum og sanseruðu lífi í bandarískum þátta-seríum í sjónvarpinu er ágætt að skipta bara yfir á Alþingi. Því er sjónvarpað þó það sé ekkert að gerast og allir farnir heim. Myndavél er beint úr einu hornanna á púltið og auð sætin, dálítið undarlegur vinkill og maður er ekki viss um hvort myndin sé frosin rammi eða hvort hún er í alvöru að fanga næturlífið í Alþingishúsinu. Eins og öryggismyndavél fyrir alþjóð varpar þessi maskína róandi mynd af merkingarþrungnum og símiðluðum stað. Ef grannt er að gáð sést kannski fluga hægja sér á stólbak, ræstítækni skjóttast fyrir horn með bönvél eða rykardá koma sér haganlega fyrir í rispu á borði þingforsetans. Ef þú starir nógu lengi gæti sprungið þetta í ljósakrónnu. Vitanlega heyrir ekki múkk heldur. En ef það

væri hljóðnemi á þessari vél myndi bergmálið af orðaskaki dagsins kannski heyrast leka niður eftir veggjunum og safnast fyrir í teppinu eða kannski er spiluð dormandi panflautumúsík í húsinu eftir lokun. Lög eins og „Ísland er land þitt“ og „Hver á sér fegra föðurland“. Þeir eru annars að fara í frí krakkarnir, það á að dundra í gegn nokkrum málum fyrir sauðburð og sveitarstjórnkosningar og þessar síðustu vikur er dagskráin þétt, sætin þvöl af óþreyju og takkarnir eyddir af núningi við alla þessa ákvarðanatökandi fingur. Ég er fegin að geta fylgst með á öllum tímum sólarhringsins og vona að þau séu að standa sig á lokasperttinum áður en þeim verður hleypt út í vorið eins og kálfum, dálítið stírdum eftir vetrarsetuna en frelsinu fagnandi umhverfis styttna af Jóni forseta.



20.30
Gaman
SVONA VAR ÞAÐ

20.50
Gaman
HUFF

21.00
Rauveruleiki
AMERICAN IDOL

22.00
Spenna
C.S.I.

22.50
Fótbolti
SPÆNSKU MÖRKIN

SIJÓNVARPIÐ

15.35 Helgarsportíð 16.00 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Myndasafnið 18.01 Gurra grís (44:52) 18.06 Bú! (8:26) 18.16 Lubbi læknir (6:52)

18.30 Eyðimerkurlíf (6:6) (Serious Desert) Bresk þáttaröð um þriggja vikna ferðalag átta unglinga í Namibíu.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
▶ 20.30 Svona var það (That 70's Show)
21.05 Jörðin (2:5) (Planet Earth) Í þessum þætti er fjallað um fjöllin og eldvirkni í jörðu sem svo mjög hefur mótað ásynnd Jarðarinnar.
22.00 Tiúfréttir
22.25 Lífsháskí (36:49) (Lost II) Meðal leikenda eru Naveen Andrews, Emilie de Ravin, Matthew Fox, Jorge Garcia, Maggie Grace, Dominic Monaghan og Josh Holloway. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Spaugstofan 23.35 Ensku mörkin 0.30 Kastljós 1.25 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Dirty Dancing: Havana Nights 8.00 Like Mike 10.00 A Shot at Glory 12.00 Anger Management 14.00 Dirty Dancing: Havana Nights 16.00 Like Mike 18.00 A Shot at Glory 20.00 Anger Management 22.00 Control Spennumynd með Ray Liotta, Willem Dafoe og Michaelle Rodriguez í aðalhlutverkum. Str. b. börnum. 0.00 Shanghai Knights (Bönnuð börnum) 2.00 Chasing Beauties (B. börnum) 4.00 Control (Str. b. börnum)

SIRKUS

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement (4:25) 13.30 The Crocodile Hunter: Collision Course 15.00 Osbournes 15.25 Eldsnögg með Jóa Fel IV 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Strákarnir
20.05 Grey's Anatomy (23:36) (Læknalíf) George fær erfitt verkefni í hendurnar og Alex tekur læknaprófin á ný. George, Christina og Alex lyfta sér upp og fara í pylsuátkeppni.
▶ 20.50 Huff (8:13) Bönnuð börnum.
21.45 The Apprentice – Martha Stewart (6:14) Fyrst var það Donald Trump og nú er komið að athafnakonunni og fjölmiðladrottningunni Mörthu Stewart að taka að sér lærlinga.
22.30 Derek Acorah's Ghost Towns (7:8) (Draugabæli)

23.15 Meistarinn 0.00 Prison Break (B. börnum) 0.45 Rome (Str. b. börnum) 1.30 Soul Assassin (Str. b. börnum) 3.05 Cradle 2 the Grave (Str. b. börnum) 4.45 Grey's Anatomy 5.30 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Fashion Television (e) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í dag.
20.00 Friends (7:24) (Vínir 8)
20.30 „bak við böndin“
▶ 21.00 American Idol (26:41) (Bandaríska stjórnuleitin) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.
21.50 American Idol (27:41) (Bandaríska stjórnuleitin)
22.20 Smallville (e) (Onyx) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville. Í Smallville býr unglundurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.

23.05 Idol extra 2005/2006 (e) 23.35 Friends (7:24) (e) 0.00 „bak við böndin“

SKJÁREINN

7.15 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fasteignasjónvarpið (e)

15.50 Game tívi (e) 16.20 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Cheers
19.25 Fasteignasjónvarpið
19.30 The Office (e)
20.00 The O.C. Summer, Seth, Ryan og Marissa sækja um í háskóla og hugleiða hvert líf þeirra er að stefna.
21.00 Survivor: Panama Fylgist með þegar ævintýrið heldur áfram í Survivor Panama: Exile Island
▶ 22.00 C.S.I. Framhald af síðasta þætti, Grissom og Cathrine halda áfram að rannsaka morðið á lögreglumanninum.
22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Threshold – lokabáttur (e) 1.45 Cheers (e) 2.10 Fasteignasjónvarpið (e) 2.20 Östðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Helgaruppgjör (e) 8.00 Helgaruppgjör (e) 14.00 Charlton – Everton frá 08.04 16.00 Middlesbrough – Newcastle frá 08.04 18.00 Prumuskot
19.00 Man. Utd. – Arsenal frá 09.04
21.00 Að leikslökum
22.00 Saga stórbjóðanna á HM: Frakkland (e)
23.00 Prumuskot (e) 0.00 Dagskrárlök



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalan
kr. 20.107 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Jörðin Sjónvarpið kl. 21.05

Bavíanar og snæhlébarðar

Í öðrum þætti þessa breska heimildamyndaflokks er fjallað um fjöllin og eldvirkni í jörðu sem svo mjög hefur mótað ásýnd jarðar. Í Epiópiu er farið niður í gig eldfjalls þar sem afar sjaldgæft fyrirbrigði finnst, en þar hefur gosið stöðugt í rúma öld. Sömu kraftar sköpuðu Alpa fjöll þar sem bavíanar eiga heimkynni. Í Andes fjöllum heyr fjallaljónafjölskylda erfiða lífsbaráttu og í Klettafjöllum grafa grábirnir sig í fönn og gera sér vetrarhiði. Af jökulum Alpa fjalla er haldið á stærsta jökul í heimi en þar er að finna það rándýr jarðar sem heldur sig hæst yfir sjávarmáli, snæhlébarðann, og í þættinum sjást fyrstu myndirnar sem náðst hafa af því tignarlega dýri á veiðum.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 6 | 5 | 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 |
| 4 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 8 | 6 |
| 8 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 2 | | 6 | | | |
| | 4 | | 7 | 5 | | | | |
| | | 2 | | | | | 6 | |
| 7 | | | 8 | | 2 | 3 | | 6 |
| | | | | | | | | |
| 1 | | 5 | 3 | | 9 | | | 7 |
| | 5 | | | | | 2 | | |
| | | | | 8 | 4 | | 9 | |
| | | | 1 | | 7 | 8 | | |

21.10 Fréttaskýringar
60 MÍNÚTUR

NFS
7.00 Ísland í bituð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir 12.40 Hádegidið – fréttaviðtal 13.00 Íþróttir/lífsstíll 13.10 Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

19.45 Brot úr dagskrá
20.00 Fréttir
20.10 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
21.00 Fréttir
▶ 21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttaráttur sem vitnað er í.
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5 **TVARPI**
7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Perlu Tékklands 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Tónar endurreisnar 21.00 Hugsað heim 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífinu

RÁS 2 FM 90,1/99,9 **24**
6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi
12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról

BYLJAN FM 98,9 **98.9**
5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bituð 9.00 Ívar Guðmundsson
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR
FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bituð í bænum
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Fermingartilboð 2006

Besta gjöfin sem hægt er að gefa unglingi **er góður svefn**

Þú gætir unnið!
Þegar fermingargjöf er keypt hjá okkur, fer nafn fermingarbarnsins í pott. Fimm heppin fermingarbörn verða **Ipod nano** ríkari þegar dregið verður föstudaginn 5. maí. Nöfn vinningshafa verða birt á www.lystadun.is.

Heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi
Verð frá: **kr. 30.320** (80 x 200 cm)

Glæsileg tilboð í mjúku deildinni.
Mikið úrval af sængum, heilsukoddum, rúmfatnaði og öðrum fylgihlutum.

LYSTADÚN Marco

Reykjavík: Mörkin 4, s. 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s. 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s. 471 2954 Akranes: Bjarg, Kalmansvöllum 1A, s. 4312507

Opið virka daga: 10–18 og laugard. 11–16



HRÓSIÐ FÆR...

Snorri Snorrason fyrir að bera sigur úr bytum í *Ídol-stjörnuleit Stöðvar 2* en halda ró sinni þrátt fyrir allt.

SÉRFRÆÐINGURINN: ÞÓRHALLUR HEIMISSON OG FÖSTUDAGURINN LANGI

Hinn trúaði finnur Guð í þjáningu sinni

Páskarnir eru í þessari viku en það er einn helgasti tími kristinna manna. Einn dagur framur öðrum er þrunginn miklum tilfinningahita en það er föstudagurinn langi. Að minnast dauða trúarhetju eða frelsara er ekkert einsdæmi í trúarbrögðum mannkyns og nægir þar að nefna sjáumslima sem minnast dauða Husayn bin Ali við Karbala en hann fórnaði sér í baráttunni fyrir trúna.

Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir að það sem sé sérstakt við föstudaginn langa sé að dagurinn sé inngangur að páskadeginum. „Kristnir menn



minnast dauða Krists í ljósi upprisunnar. Ekki bara að það Jesús hafi dáið heldur að hann dó fyrir alla menn, öllum til frelsunar, en reis aftur upp á þriðja degi. Með því vilja kristnir menn undirstrika að Jesús hafi verið maður sem gekk inn í mannleg kjör en einnig að hann var sonur Guðs og sigraði dauðann fyrir aðra menn.“

Áður fyrr var föstudagurinn langi sveipaður mikilli helgi og eflaust muna þeir sem eldri eru eftir því þegar varla mátti hreyfa sig né brosa fyrr en á miðnætti. „Í dag er þjóðfélagið hins vegar þannig að þeir sem vilja minnast fórnar Jesú gera það með ákveðnum hætti en svo eru aðrir sem vita ekki hvað föstudag-

urinn langi þýðir og er eiginlega alveg sama. Mér finnst miklu eðlilegra að fólk sem vilji halda hann heilagan geri það og þeim sem er alveg sama fái bara að vera það.“

Þórhallur hefur oft verið við messur á föstudeginum langa og segir það vera magnaða stund í kirkjunni. „Ég finn að fólk er þarna af sannri trú. Öll forsagan að krossfestingunni er mjög tilfinningaþrungin og fólk speglar sjálft sig í öllum þeim persónum sem þar koma fyrir. Föstudagurinn langi er mjög dramatískur dagur og mikið andlegt ferðalag fyrir þann sem veltir þessum hlutum fyrir sér. Fólk sem hefur lent í erfiðum hlutum á árinu upplifir þíslargöngu Jesú kannski sérstaklega sterkt og finnur Guð í sinni þjáningu.“



SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON Messurnar á föstudeginum langa eru mjög tilfinningaþrungnar og mögnuð stund í kirkjunni.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2 jurtt 6 tónlistarmaður 8 í viðbót 9 flán 11 slá 12 telja 14 faðma 16 óreiða 17 tillaga 18 utan 20 tveir eins 21 velta.

LÓÐRÉTT

1 listi 3 guð 4 nískupúki 5 á skakk 7 fugl 10 persónufornafn 13 ferð 15 tigna 16 undir þaki 19 á líðandi stundu.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 skrá, 3 ra, 4 aurasál, 5 ská, 7 kálkúnn, 10 sífn, 13 tífr, 15 aðla, 16 n, 19 n, 21 snúa.
LÁRÉTT: 2 gras, 6 k, 8 auk, 9 ras, 11 rá, 12 álfra, 14 knúsa, 16 ru, 17 ráð, 18 inn, 20 ll, 21 snúa.



MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR Frumsýnir sérstakt leikhúsværk í Þjóðleikhúsinu á miðvikudaginn sem nefnist The Big Cry. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR: MEÐ SÝNINGU Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Baráttan við að halda andliti

Margrét Sigurðardóttir hefur dvalið í heimsborginni London síðastliðin fimm ár en er nú komin aftur til Íslands og setur upp sýningu í Þjóðleikhúsinu á næstu dögum. „Þarna blanda ég saman leiknum kvikmyndabrotum og lifandi djasstónlist. Sýningin fjallar um fólk í krísu og alla þá skrítnu hluti sem það á til að gera í því ástandi. Þetta er eins konar skemmtileg blanda af leikhúsi, kvikmynd og tónlist og er svoltið öðruvísi að mörgu leyti. Ég nota gamla djasstandarda í verkið því mér fannst þeir fanga þessar

klassísku tilfinningar, sem allir upplifa einhvern tíma, svo ógurlega vel,“ segir Margrét. „Verkið fjallar að ýmsu leyti um togstreituuna á milli þess sem maður sér og þess sem er til staðar. Þegar maður fer í gegnum hluti er aldrei meiri baráttan við að halda andliti en þegar eitthvað bjátar á. Það er þá sem spretta upp undarleg hegðunarmynstur.“

Margrét lærði leiklist við söngleikjadeildina í Konservatorium í Vín og nú síðast var hún í klassísku söngnámi í London. „Mér þótti nú ósköp gott að búa í London

og það var eiginlega svoltið eins og að vera á Akureyri því það er svo stutt að fara heim til Íslands. Ég var mikið að syngja á tónleikum á Englandi auk þess sem ég var að fíkta við annars konar tónlistarform. Ég er að miklu leyti komin svoltið meira út í slíka hluti en áður.“

Sýningin sem hún setur upp í Þjóðleikhúsinu nefnist The Big Cry og er frumsýnd hinn 12. apríl. „Það eru svo tvær sýningar í viðbót 19. og 20. apríl en ég var áður búin að sýna þetta úti og mér til mikillar ánægju var sýningunni

mjög vel tekið þar. Ég er mjög spennt að sjá hvernig Íslendingum líst svo á. Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari vinnur með mér í verkinu og það hefur verið algjörlega frábært að vinna með honum. Einnig finnst mér sérstaklega jákvætt að fá að sýna þetta í Þjóðleikhúsinu og sýnir það hvað leikhúsið er opið fyrir nýjum straumum.“ Miða á sýningu Margrétar er hægt að nálgast í miðasölu Þjóðleikhússins og ættu sem flestir að kíkja á sýninguna og verða fyrir öðruvísi leikhúsupplifun en vanalega. hilda@frettabladid.is

300 klukkustundir í beinni

Knattspyrnumönnum er oft hrósað fyrir að standa vaktina í hverjum leiknum af fætur öðrum og þykir fréttinafnt að spila nokkra tugi leikja í röð.

Þótt Þorfinnur Ómarsson sé vissulega ekki að tækla menn á grænum grasfleti hefur honum tekist að halda sér í beinni lengur en vitað sé.

Á föstudaginn sýndi sjónvarpsstöðin NFS 100. þátt Fréttavaktarinnar fyrir og eftir hádegi en þátturinn hefur verið sýndur á hverjum degi frá því að stöðin fór í loftið þann 18. nóvember. Þorfinnur hefur verið í hverjum einasta þætti og í beinni útsendingu í 300 klukkustundir alls. Óhætt er að segja að hann hljóti að vera orðinn

ansi sjóaður í beinum útsendingum.

„Það er fátt sem kemur mér lengur á óvart í beinum útsendingum og ég er búinn að læra hvað þarf til að höndla þær best. Það er einhvers konar blanda af kæruleysi og einbeitingu. Maður má ekki láta það að vera í beinni stressa sig upp en hins vegar þarf maður stöðugt að vera á tánum og einbeittur til þess að maður spyrji réttra spurninga og nái að fylgjast vel með því sem fólk er að segja. Þátturinn er mikið sýndur beint og oft gerist eitthvað nýtt á meðan þátturinn er í loftinu á milli þrjú og sex. Stundum höfum við lent í því að eitthvað gerist klukkan fjögur og sá sem málinu tengist er

kominn í viðtal til okkar klukkan hálfítt.“ segir Þorfinnur, sem verður þó ekki mikið lengur á Fréttavaktinni.

„Ég fer smávegis í burtu um páskana og eftir páska fer ég í Ísland í dag með henni Ingu Lind en Brynja hættir þar fljótlega. Það er svo óákveðið hver það verður sem fær minn stað á Fréttavaktinni,“ segir Þorfinnur, sem vill þakka samstarfsmönnum sínum á Fréttavaktinni kærlega fyrir samveruna.

- bg

ÞORFINNUR ÓMARSSON Hefur verið 300 klukkustundir í beinni útsendingu og fátt kemur honum því lengur á óvart.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 590 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-163
RÚV • 281, 283 og 284

Vínningstölur laugardaginn 8.4.2006

1 8 11 23 31

Tvöfaldur 1. vinningur nk. laugardag **Bónus tala 37**

Jóker 2 9 7 7 6

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA
LOTTO Alltá á miðvikudögum

Vínningstölur miðvikudaginn 5.4.2006

Adaltölur 1 9 15 29 31 37

Bónustölur Ofurtala 27 30 44 Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jóker 8 9 1 7 7

Fyrsti vinningur gekk út.

Birt með fyrirvara um prentbrot

VORÚTSALA

50-80%

AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

bolir
skyrtur
buxur
zip-off buxur
kvartbuxur
vesti
flíspeysur
softshell peysur
hettupeysur
regnjakkar
regnbuxur
isotex jakkar
isotex buxur
bakpokar
legghlífar
gönguskór
svefnpokar
göngustafir
töskur
sandalar
ofl. ofl.

Aðeins í
3
daga!

REGATTA

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

**Nýtt
kortatímabil!**

● ● **ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Drögum ó morgun

Átt þú miðo?



HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is



BAKPANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Ósk um umræðu á lægra plani

Það er gróðavænlegt að fjárfesta. Við keyptum hús í niðurníðslu fyrir nokkrum árum á 3,6 milljónir og endurbýggðum fyrir um 20 milljónir. Og viti menn: Húsið hefur stórhækkað í verði. Gallinn er bara sá að annað húsnæði hefur hækkað að sama skapi.

VIÐ tókum lán upp á 6,5 milljónir til að fjármagna framkvæmdirnar. Af því borgum við vexti og verðbætur í hverjum mánuði skilvíslega til að komast úr skuldum. Enda tekur það ekki nema tæp 20 ár. Á síðasta ári greiddum við 60.645 krónur á mánuði af lánuinu: 161,020 kr. voru afborgun af nafnverði, 43.176 kr. voru vextir, 0 kr. í dráttarvexti því að við borguðum alltaf á réttum tíma; í vexti, verðbætur og kostnað greiddum við 566.723 krónur. Og nú eru eftirstöðvarnar af þessu 6,5 milljón kr. láni ekki nema rétt tæpar 8 milljónir eða 7.910.135 kr.

ÞETTA góða lán dugði okkur því miður ekki alveg til að gera upp húsið svo að við tókum lífeyris-sjóðslán líka, 3,6 milljónir til 30 ára. Það var árið 2000. Af því borguðum við 313.861 krónu á árinu, eða 26.155 krónur á mánuði, þar af 191.134 í verðbætur og vaxtagjöld, þannig að eftirstöðvar eru núna 3.815.163 kr. Það er frábært að sjá hvað skuldirnar hækka lítið ef maður gætir þess að standa í skilum.

FASTEIGNAGJÖLDIN af húsinu hafa stórhækkað. Auðvitað á maður að borga meira fyrir að búa í dýrara húsnæði. Lánin á húsinu hækka í takt við verðbólgu og vextirnir af lánum hækka sömuleiðis: Þá verður að hækka vexti til að draga úr verðbólguhækkun. Tvær hækkunar leiða til lækkunar. Þetta er víst einföld hagfræði - en samt á of háu plani fyrir mig.

MIKIÐ væri gaman að ná efnahagsumræðunni á Alþingi niður á lægra plan. Til dæmis með því að spá í af hverju verðtrygging er bara nauðsynleg í þremur löndum í veröldinni: Brasilíu, Ísrael og Íslandi. Og af hverju þarf að stúta Íbúðalánasjóði til þess að bankarnir geti geti boðið betri húsnæðislán? Og hvað er sanngjarnt að íslenskur meðal-Jón eða meðal-Jónína borgi í vexti og verðbætur á leið sinni milli vöggju og grafar?



Öruggur á malarvegum og veit hvert þeir liggja

Sogid í Grímsnesi

Nú fylgir leiðsögutæki* að andvirði 96.500,- með hverjum seldum Legacy. Legacy er lipur innanbæjar en þegar honum er hleypt út á land finnur þú fyrir kraftmiklu sídrifinu sem heldur stjórninni ávalt í þínum höndum. Þú einbeitir þér að akstrinum og tölvan vísar þér til vegar - hvort sem þú ert á þjóðvegnum eða bara að leita að Þorlaksgeisla í Grafarholtinu.



STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRADASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING,

Beinskiptur Sedan 2.310.000,- Sjálfskiptur Sedan 2.440.000,- Beinskiptur Wagon 2.490.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.590.000,-

| | | | | | |
|-------------------------|-------------------|--------------------------------------|-------------------|---|----------------------|
| Ingvar Helgason | | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | | Opid: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00 | |
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njardvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

SYMMETRICAL AWD

* Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3.

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 lánan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlíð • EEG forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900,-



Pioneer DEHP-4800MP ... Spilar MP3/WMA/WAV

• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEG forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð 24.900,-

ALVÖRU
GRÆJUR
Í BÍLINN

ORMSSON

SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800